skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir
Hugbúnaður

Kraftmikið afmælisbarn

Bergþór Pálsson er 55 ára í dag en hann segir að sítrónuvatn sé undrameðal sem haldi honum kraftmiklum.

FÓLK

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Mánudagur
22. október 2012
248. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

Vogue myndar í Hörpu

Tískuritið Vogue myndar tískuþátt í Hörpunni.

popp 26

Jákvætt ferli

Það jafngildir því að segja pass að fara ekki á kjörstað, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

skoðun 13

Skoruðu þrjú í Úkraínu

Ísland er í góðri stöðu í umspili fyrir úrslitakeppni Evrópumótsins 2013.

sport 22

veðrið í dag



VÆTA SYÐRA Í dag verður yfirleitt hæg austlæg átt og léttskýjað en stífari vindur og væta S-til. Hiti 0-7 yfir daginn.

VEÐUR 4

EFNILEGIR EVRÓPUMEISTARAR Ísland vann tvöfalt á Evrópumeistaramótinu í hópfimleikum í Árósum um helgina. Kvennasveitin varði sinn titil og stúlknasveitin fagnaði einnig sigri. Stúlkurnar voru efstar eftir undankeppnina og tókst að fylgja því eftir með sigri í sjálfum úrslitunum á laugardag. „Það þarf sterk bein til að halda forystunni eins og þær gerðu," segir Ásdís Guðmundsdóttir, einn Evrópumeistaranna. Sjá síðu 22 MYND/ÓLAFUR BJÖRNSSON

Ljúka fyrstu umræðu um nýja stjórnarskrá fyrir jól

Lögfræðinganefnd skilar af sér skýrslu um stjórnarskrárdrög innan tveggja vikna. Frumvarp til nýrrar stjórnarskrár lagt fram í kjölfarið. Stjórn og stjórnarandstaða búast við að fyrstu umræðu ljúki fyrir jól.

STJÓRNSÝSLA Nefnd lögfræðinga, sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fékk til að fara yfir drög stjórnlagaráðs að stjórnarskrá, skilar af sér skýrslu innan tveggja vikna. Í kjölfarið verður frumvarp um nýja stjórnarskrá lagt fram á þingi.

Valgerður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar, segir að gangi þetta eftir eigi ekki að vera nein vandkvæði á því að ljúka fyrstu umræðu um málið fyrir jól. Hún á ekki von á að gerðar verði miklar breytingar á drögum stjórnlagaráðs.

„Mér sýnist niðurstaðan vera mjög skýr. Stjórnarandstaðan hefur reyndar haft allt á hornum sér varðandi málið og ef eitthvað stingur hana meira í augun en annað tel ég sjálfsagt að við förum yfir það." Hún muni gera sitt til að breikka hópinn sem standi að baki málinu.

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, segir að komi frumvarp um nýja stjórnarskrá fram á næstu vikum sé ekki ólíklegt að það takist að ljúka fyrstu umræðu fyrir jól. Hann telur þó of snemmt að segja til um hvort málið klárist fyrir kosningar.

„Öll málsmeðferð er eftir í þinginu og það á eftir að reyna á hversu mikið svigrúm þingmenn telja sig hafa til að gera breytingar á tillögum stjórnlagaráðs."

48,9% þátttaka var í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Birgir segir að haft hafi verið á orði að gera megi lagatæknilegar breytingar, en ekki efnislegar. Það geti þó verið þrautin þyngri að skera úr um það. „Ef menn gera athugasemdir við framsetningu ákvæða, orðalag, hugtakanotkun og þess háttar geta menn lent í klemmu við að ákvarða hvort þar sé um að ræða lagatæknilegar breytingar eða efnislegar breytingar."

Tveir þriðju kjósenda samþykktu á laugardag að drög stjórnlagaráðs skyldu verða grundvöllur að nýrri stjórnarskrá. Alls greiddu 115.814 atkvæði, eða 48,9% kjósenda.

Valgerður segist vera ánægð með þátttökuna og undir það tekur Salvör Nordal, formaður stjórnlagaráðs, sem segir hana meiri en hún bjóst við. Birgir er þessu ósammála.

„Ég lít þannig á að það veiki töluvert þau skilaboð sem ráða má út úr þessari ráðgefandi atkvæðagreiðslu að helmingur landsmanna skuli kjósa að sitja heima." - kóp / sjá síðu 6

Mikið ber á milli í viðræðum um endurgjald fyrir orkunýtingu í Krýsuvík:

Hitaveituviðræður settar á ís

ORKUMÁL Mikið ber á milli í viðræðum Hafnarfjarðarbæjar og HS Orku um endurgjald vegna fyrirhugaðrar orkunýtingar á Krýsuvíkursvæðinu.

Gunnar Axel Axelsson, sem er formaður bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar og hefur leitt viðræðurnar fyrir hönd bæjarins, telur líklegt að bæjarráð muni slíta viðræðum tímabundið á næstunni. Þær verði svo mögulega teknar upp á ný síðar, ef forsendur breytast.

„Ef nota á Krýsuvíkursvæðið til orkuvinnslu, þarf virði svæðisins að endurspeglast í tekjunum sem Hafnarfjörður sem eigandi auðlindarinnar fær," segir Gunnar í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir orkuverð til stóriðju hér á landi nú aðeins rétt standa undir kostnaði við fjárfestingar og lágmarksarðsemi.

> Auðlindarenta er því ekki veruleg um þessar mundir og þess vegna spurning hvort ekki sé skynsamlegra að bíða þar til aðstæður verði hagstæðari.
>
> **GUNNAR AXEL AXELSSON**
> FORMAÐUR BÆJARRÁÐS HAFNARFJARÐAR

„Auðlindarenta er því ekki veruleg um þessar mundir og þess vegna spurning hvort ekki sé skynsamlegra að bíða þar til aðstæður verði hagstæðari heldur en að festa þetta ástand til næstu áratuga með samningum."

Gunnar segir vangaveltur um orkuöflun HS Orku fyrir álver í Helguvík hvergi koma að málinu, enda hafi aldrei verið samið við Hafnarfjörð um nýtingu í Krýsuvík.

Að sögn Gunnars eru umhverfismál ekki síst mikilvæg í þessu efni. Bæjaryfirvöld séu nú að vinna að stefnumótun í umhverfismálum þar sem afturkræfni sé höfð að sjónarmiði við slíkar framkvæmdir.

„Það er aldrei fullkomlega mögulegt, en hafi menn þetta á bak við eyrað frá byrjun er hægt að ná þessu markmiði nokkuð vel." - þj

9 dagar í Hrekkjavöku

PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534

SPURNING DAGSINS

Margrét, ertu þá ekki eins saklaus og áður var talið?

„Úbbsasí!"

Sjónvarpskonan Margrét Erla Maack klæðist galla að hætti Britney Spears í sýningu í Iðnó. Britney kvað einmitt sakleysi sitt ofmetið á sínum tíma.

Tveir menn létu lífið þegar fisvél hrapaði til jarðar á Reykjanesi um helgina:

Ekkert vitað um orsakir slyssins

SLYS Tveir menn, Ólafur Felix Haraldsson og Hans Óli Hansson, létu lífið þegar fisvél sem þeir voru í brotlenti á Njarðvíkurheiði á laugardag, skammt suðaustan við fisflugvöllinn við Seltjörn.

Ekki er enn vitað um orsakir slyssins, en aðstæður til flugs voru ágætar þegar slysið átti sér stað. Mennirnir voru úrskurðaðir látnir á vettvangi, en talið er að mennirnir hafi látist nærri samstundis.

Rannsóknarnefnd flugslysa rannsakar nú málið og hefur flak vélarinnar verið flutt til Reykjavíkur. Óvíst er þó hvenær niðurstöður munu liggja fyrir.

Ólafur Felix var búsettur á Patreksfirði, fæddur 1970 og lætur eftir sig sambýliskonu og þrjú börn. Hans Óli var búsettur í Kópavogi, fæddur 1946 og lætur eftir sig sambýliskonu og þrjú uppkomin börn. - þj

FRÁ SLYSSTAÐ Mennirnir tveir voru úrskurðaðir látnir á slysstað, en talið er að þeir hafi látist nærri samstundis. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Árás í heilsulind í Brookefield:

Þrír létu lífið eftir skotárás

BANDARÍKIN Þrír létust og fjórir særðust er skotið var á heilsulind í verslunarmiðstöð í Bandaríkjunum. Atvikið átti sér stað í bænum Brookfield í Wisconsin í gær.

Fjórir voru fluttir á spítala til aðhlynningar en ekkert fórnarlambanna er talið í lífshættu.

Mikill viðbúnaður var hafður í og við heilsulindina eftir að tilkynning um árásina barst. Árásarmaðurinn sást hlaupa á brott frá staðnum skömmu eftir árásina. Hann er sagður heita Radcliffe Franklin Houghton. - sm

Salmíakstakmarkanir ESB:

Saltlakkrís verður bjargað

NEYTENDUR Saltlakkrís verður undanþeginn salmíaktakmörkunum Evrópusambandsins, ESB. Tillaga um að minnka mesta leyfilegt magn salmíaks í lakkrís í þrjú grömm á hvert kíló var lögð fram í vor.

Á vef Svenska Dagbladet segir að í saltlakkrís séu hins vegar 70 grömm af salmíaki í hverju kílói. Hefði tillagan verið samþykkt hefði saltlakkrísinn verið bannaður.

Matvælafyrirtæki og sælgætisframleiðendur á Norðurlöndum mótmæltu tillögunni á þeim forsendum að salmíaksmagnið væri svo lítið að það væri ekki hættulegt heilsunni. - ibs

Meira byggt í Jerúsalem:

Engar hömlur á landtökufólk

ÍSRAEL, AP „Við setjum engar hömlur á byggingarframkvæmdir í Jerúsalem," segir Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels. „Þetta er höfuðborgin okkar."

BENJAMÍN NETANJAHÚ

Þetta sagði hann eftir að Catherine Ashton, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, hafði gagnrýnt áform um að reisa 800 nýjar íbúðir í hverfum Palestínumanna í borginni.

Byggingar ísraelskra landtökumanna hafa árum saman mætt harðri gagnrýni Palestínumanna.

Nabil Abu Rdeneh, einn af aðstoðarmönnum Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, sagði Netanjahú með þessu vísvitandi eyðileggja alla friðarmöguleika. - gb

Sennilega stærsti skjálftinn frá 1976

Hundruð jarðskjálfta mældust norður af Siglufirði um helgina. Stærsti skjálftinn mældist 5,6 að stærð sem er sennilega stærsti skjálfti á svæðinu síðan árið 1976. Jarðskjálftafræðingur býst við að skjálftahrinan haldi áfram næstu daga.

JARÐSKJÁLFTI Hundruð jarðskjálfta hafa mælst norður af Siglufirði frá því á laugardag. Enn fundust skjálftar á svæðinu í gær. Sá stærsti mældist tæplega sex á Richter.

Skjálftahrinan hófst á laugardag og náði hámarki skömmu eftir miðnætti. Upptök skjálftanna eru um tuttugu kílómetra norður af Siglufirði, á sex til níu kílómetra dýpi. Stærsti skjálftinn í hrinunni varð rétt fyrir klukkan hálf tvö aðfaranótt sunnudags og mældist 5,6 að stærð.

„Þessi skjálfti fannst víða og mjög harkalega á Siglufirði, sem er ekki í nema fimmtán kílómetra fjarlægð frá upptökunum. Þetta er sennilega stærsti skjálfti sem hefur orðið fyrir norðan frá því Kópaskersjarðskjálftinn varð í ársbyrjun 1976," segir Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur.

Eitthvað dró úr virkni í gærmorgun en önnur hrina hófst svolítið sunnar og austar rétt fyrir hádegi í gær. Ragnar býst við að einhverjar hrinur haldi áfram á næstunni en á ekki von á fleiri stórum skjálftum. Hann segir hrinuna hafa byrjað smátt fyrir viku síðan og því hafi stóri skjálftinn ekki komið upp úr þurru.

„Þessi stóri sem átti sér stað aðfaranótt sunnudags var svokallaður gliðnunarskjálfti. Það er gliðnunarkvos sem liggur frá norðri til suðurs þar sem landið gengur sundur og kvika gengur upp undir skorpuna, þó ekki hátt upp. Þetta gerist á kannski sjö til átta kílómetra dýpi. Það eru þó engin merki um að þessi kvika sé á leiðinni upp og því ekkert sem bendir til þess að þarna verði gos." sara@frettabladid.is



Líkt og flutningabíl sé ekið inn í húsið

RÓSA JÓNSDÓTTIR

„Við fundum fyrir einum mjög stórum um miðnætti (aðfaranótt sunnudags) og þá fór ég og tíndi saman það sem ég gat. Þegar sá stóri kom um hálf tvö var ég búin að græja margt en eitthvað brotnaði þó. Innra glerið á einni rúðunni sprakk og einangrunin á þakinu er farin að detta í sundur," segir Rósa Jónsdóttir, íbúi á Siglufirði, en fjölskylda hennar svaf ekkert um nóttina.

„Við þorðum það ekki. Ég beið eftir því að eitthvað alvarlegra kæmi fyrir. Barnabarnið var eini fjölskyldumeðlimurinn sem svaf þetta af sér."

Rósa hefur ekki upplifað skjálftahrinu sem þessa áður. „Þegar þessir stóru komu var eins og flutningabíll hefði keyrt inn í húsið og allt lék á reiðiskjálfi."

RJÚKANDI RÚSTIR Eldur hafði læst sig í átta bíla þegar slökkvilið kom á vettvang. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Átta bílar brunnu í Keflavík:

Bílabruninn rakinn til þjófa

LÖGREGLUMÁL Átta bílaleigubílar skemmdust eða eyðilögðust í eldsvoða á Iðavöllum í Reykjanesbæ aðfaranótt sunnudags.

Svo virðist sem eldsneytisþjófar hafi verið þar á ferð, en á vettvangi fannst lítil eldsneytisdæla, tengd við rafgeymi. Talið er að eldurinn hafi komið upp við skammhlaup í dælubúnaðinum.

Brunavarnir Suðurnesja komu á vettvang upp úr miðnætti og náðu fljótt stjórn á eldinum. Þjófarnir voru á bak og burt þegar lögregla kom á vettvang og er ekki vitað hverjir voru þarna að verki. - þj

FASTEIGNAMARKAÐUR

Leiguvísitala stóð í stað

Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu var 118,7 stig í september 2012 og stóð í stað frá fyrra mánuði. Á vef Þjóðskrár kemur fram að síðastliðna þrjá mánuði hafi vísitalan hækkað um 4,5 prósent og tæp tíu prósent síðustu tólf mánuði.

SLYS

Sóttu slasaðan göngumann

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti göngumann skömmu eftir klukkan sjö í gærkvöldi. Maður hafði fallið fram af klettabelti í Botnssúlum og slasaðist á baki.

Íbúar Garðabæjar og Álftaness samþykktu sameiningu sveitarfélaganna:

Í eina sæng eftir næstu áramót

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sveitarfélögin Álftanes og Garðabær munu sameinast, undir merkjum hins síðarnefnda, í upphafi næsta árs. Sameining var samþykkt í báðum sveitarfélögum um helgina.

Alls voru 87,7 prósent kjósenda á Álftanesi fylgjandi sameiningu en 11,5 prósent á móti. Í Garðabæ var hins vegar mjórra á munum þar sem rúm 53 prósent greiddu atkvæði með sameiningu en tæp 47 prósent á móti.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, segir í samtali við Fréttablaðið að gott sé að fá niðurstöðu í málið. ekki hafi komið á óvart að lítill munur hafi verið meðal Garðbæinga.

„Við vissum að þetta yrði þyngra hér í Garðabæ en úti á Álftanesi og afstaða þeirra sem að sögðu nei er skiljanleg. Fólk veit hvað það hefur og er ánægt með Garðabæ eins og er. En nú er bara komið að því að snúa bökum saman og búa til enn betra og sterkara sveitarfélag."

Gunnar segir bæjastjórn Garðabæjar munu fara með stjórn hins nýja sveitarfélags og bæjarstjórn Álftaness verði nokkurs konar ráðgefandi hverfastjórn.

Nýja sveitarfélagið mun halda Garðabæjarnafninu, enda segir Gunnar að um það hafi verið samið í upphafi viðræðna.

„Garðabær hefur sterka ímynd og auk þess hefur orðið garðar sterka sögulega skírskotun út á Álftanes. Þannig að það var enginn ágreiningur um það."

Íbúar sameinaðs sveitarfélags verða um 14.000 talsins miðað við tölur Hagstofu frá 1. janúar. - þj

GARÐABÆR Talsvert minna fylgi var meðal Garðbæinga en Álftnesinga. Bæjarstjóri Garðabæjar segir það skiljanlegt, en nú sé mál að taka höndum saman.

Samsung Galaxy S II

74.990 kr. stgr.

4.590 kr. á mán. í 18 mán.

Samsung Galaxy S III

112.990 kr. stgr.

6.990 kr. á mán. í 18 mán.

Samsung Galaxy Note II

124.990 kr. stgr.

7.690 kr. á mán. í 18 mán.

Vertu snjallari með Samsung hjá Nova!

Samsung Galaxy Mini 2

35.990 kr. stgr.

3.290 kr. á mán. í 12 mán.

Samsung Galaxy Y

24.990 kr. stgr.

2.290 kr. á mán. í 12 mán.

0 kr. Nova í Nova!

1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mán.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 19.10.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,71	124,31
Sterlingspund	198,72	199,68
Evra	161,40	162,30
Dönsk króna	21,635	21,761
Norsk króna	21,913	22,043
Sænsk króna	18,867	18,977
Japanskt jen	1,5606	1,5698
SDR	190,79	191,93

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 222,8171

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Geir H. Haarde kærir málsmeðferð til Mannréttindadómstóls Evrópu:

Landsdómsmál til Strassborgar

LANDSDÓMUR Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur kært meðferðina á máli sínu fyrir Landsdómi til Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg.

Í tilkynningu í gær sagði Geir að aðdragandi og meðferð málsins hefði ekki staðist „nútímakröfur um réttarfar og mannréttindi“ og að sakfelling yfir honum í einum ákærulið byggðist á „ósönnuðum getgátum“.

Geir segir að íslenska ríkið hafi í þessu máli brotið gegn ákvæðum í Mannréttindasáttmála Evrópu er lúta að réttlátri málsmeðferð fyrir dómi og reglunni um enga refsingu án laga.

GEIR H. HAARDE

„Undir slíku á ég erfitt með að sitja,“ bætir hann við, „en mikilvægara er þó að hafið sé yfir allan vafa að íslenskt réttarfar og meðferð ákæruvalds í máli sem þessu standist þær kröfur sem gerðar eru til mannréttinda og réttlátrar málsmeðferðar í Mannréttindasáttmálanum.“

Í niðurlagi segist Geir ekki gera sér grein fyrir hverjar líkurnar séu á því að Mannréttindadómstóllinn muni, í fyrsta lagi taka málið upp og þá ekki heldur hve langan tíma málsmeðferð geti tekið.

Geir telur sér þó skylt, í ljósi sérstöðu málsins og fordæmisgildis fyrir önnur lönd í Evrópu, að láta á málið reyna „fyrir æðsta dómstól á sviði mannréttinda í Evrópu“. - þj

Stolið úr ólæstum bílum:

Brutust inn í tólf bifreiðar

LÖGREGLUMÁL Farið var inn í tólf bifreiðar á Hvolsvelli aðfaranótt laugardags og einhverjum verðmætum stolið. Engin spjöll voru unnin á bifreiðunum þar sem þær voru allar ólæstar.

Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli virðast þjófarnir fyrst og fremst hafa verið í leit að peningum eða öðrum verðmætum. Pappíra og aðra hluti skildu þeir eftir í grennd við bílana.

Lögreglan hefur málið til rannsóknar en hvetur fólk til þess að læsa bifreiðum sínum. - sm

MARÍUBJALLA Oft má aðgreina mismunandi tegundir með því að telja doppurnar.

Sjödeplur sem borða blaðlýs:

Maríubjöllur að nema hér land

NÁTTÚRA Útlit er fyrir að sjödeplur, sem oft eru kallaðar maríubjöllur eða maríuhænur, séu að nema land á Íslandi.

Í ár hafa þrjár sjödeplur borist til Náttúrufræðistofnunar Íslands en allar fundust þær í görðum á höfuðborgarsvæðinu. „Þessi tilvik gætu sannarlega gefið til kynna að sjödeplan sé mætt til leiks,“ segir á heimasíðu NÍ.

Sjödeplur éta blaðlýs einvörðungu og hjálpa til við að halda þeim í skefjum. „Þó hún sé flestra hugljúfi þá á hún það til að bíta þannig að vel finnst fyrir.“ - þeb

UTANRÍKISMÁL

Forsetinn í Finnlandi

Ólafur Ragnar Grímsson forseti fundaði í gær með Sauli Ninistö, forseta Finnlands, í Helsinki í gær. Þeir ræddu meðal annars eflingu samstarfs á Norðurslóðum, heimsókn forsetans til Íslands á næsta ári og traust tengsl og vináttu þjóðanna.

ÖRYGGISMÁL

Gáfu Þór Björgvinsbelti

Varðskipið Þór fékk björgunarbúnaðinn Björgvinsbeltið að gjöf frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu fyrir skömmu. Björgvinsbeltið var upprunalega hannað fyrir rúmum tveimur áratugum af Björgvini Sigurjónssyni. Hefur beltið verið endurhannað með tilliti til nútímakrafna í björgunarmálum.

30 gera athugasemdir við breytingar á Hjartagarði

32 athugasemdir bárust Reykjavíkurborg um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á Hljómalindarreitnum í miðborginni. Athugasemdirnar snúast langflestar um Hjartagarðinn svokallaða á miðju reitsins.

SKIPULAGSMÁL Alls bárust borginni 32 athugasemdir um skipulag á Hljómalindarreitnum í miðborg Reykjavíkur. Þrjátíu þeirra fjalla að einhverju eða öllu leyti um Hjartagarðinn, þar sem breytingar á honum eru gagnrýndar.

Nýtt skipulag Hjómalindarreitsins var kynnt í september, en nýja skipulagið felur í sér minna byggingarmagn en áður hafði verið gert ráð fyrir auk þess sem færri hús verða rifin. Gert er ráð fyrir því að áfram verði torg á miðjum reitnum, en það verður mun minna en Hjartagarðurinn er nú. Hægt verður að reisa tjald yfir hluta torgsins fyrir uppákomur eða markaði.

Athugasemdir bárust frá eigendum staðanna Hemma og Valda, sem er við Laugaveg 21, og Faktorý, sem stendur við Smiðjustíg 4a og 6. Eigendur Hemma og Valda leggjast gegn tillögum um að opnunartími veitingahúsa verði skertur, telja að gert sé ráð fyrir of miklu byggingarmagni við Klapparstíg 30 og vilja að rýmið sé frekar notað til atvinnusköpunar og starfsemi en að fjölga íbúðum mikið. Eigendur Faktorý eru mótfallnir því að húsið sem þeir leigja skuli rifið samkvæmt tillögunni og telja að sem minnstu eigi að breyta á reitnum.

Þá barst athugasemd frá Hótel Klöpp sem segir fyrirhugaðar byggingar meðfram Hverfisgötu varpa skugga á lóð Klapparstígs 26 og þrengja mjög að lóðinni.

Aðrar athugasemdir snúa að Hjartagarðinum. Flestir virðast sammála um að þar sé á ferðinni einstakur garður sem ekki eigi að breyta. thorunn@frettabladid.is

Brot af athugasemdunum

„Ég er STERKLEGA á móti fyrirhuguðum breytingum á Hjartatorgi. Þetta er bara absúrd og fáránleg hugmynd, þetta er fallegur, fjölskylduvænn jafnt sem skemmtilegur staður þar sem allir ættu að geta notið sín, og gera nú þegar.“

ANITA DA SILVA

„Mæli með því að Hjartagarðinum verði ekki breytt neitt meira því menningin sem skapast þarna um sumarið er svo mikilvæg fyrir okkur að fólk eins og þið gætuð aldrei komist nálægt því að skilja hana.“

RÓBERT A. RICHARDSSON

„Mér finnst þessi ákvörðun með að byggja eitthvað djöfulsins hótel og eitthvað rugl í Hjartagarðinum!!!! heimskulegasta hugmynd sem að ég hef nokkurn tímann heyrt! […] þetta er bara fokking rugl þessi hugmynd!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!“

JÓHANNES LAFONTAINE

„Vinsamlegast ekki eyðileggja Hjartagarðinn. Síðasta sumar var það skemmtilegasta sem ég hef upplifað og það var að mjög mörgu leyti að þakka Hjartagarðinum og yndislega fólkinu sem ég kynntist þar.“ **SUNNA ÓSK**

„Plís ekki eyðileggja Faktorý og Hjartagarðinn, þetta eru tveir bestu staðir í Reykjavík.“ **ANNA ANTONSDÓTTIR**

„Ég hef heyrt að minnka eigi torgið og rífa byggingar þar í grennd. Þetta torg er eitt það besta sem skað hefur fyrir gráan miðbæ okkar og ég vona að hægt sé að leggja sig þar í sólinni næsta sumar.“

KÁRI GUÐMUNDSSON

„Mér var mjög brugðið, sorgmæddur og reiður þegar ég frétti af fyrirhuguðum breytingum á Hjartatorgi í Reykjavík.“

EIRÍKUR R. ÁSGEIRSSON

„Það að rífa niður Faktorý og byggja eitt annað hótelið er ömurleg ákvörðun. […] Þið takið ekki Hjartagarðinn og Faktorý strax eftir Nasa!!!“

BJÖRGVIN BRYNJARSSON

„Ég <3 <3garðinn.“

GERÐUR ERLA TÓMASDÓTTIR

„Sérstaða þessa garðs, þ.e. að hann sé utan alls framapots, lagaklækja og græðgi sem ríkt hefur í þjóðfélaginu er aðalsmerki hans og hefur hann því verið griðastaður fyrir hugsandi fólk, götuheimspekinga sem og önnur mikilmenni og skáld sem telja sig útundan í þjóðfélaginu vegna ískyggilegrar þróunar síðustu ára. Það er því fáheyrð svívirða að tillögur um framtíð garðsins, sem eru hneykslanlegar svo ekki sé meira sagt, hafi einvörðungu verið í höndunum á þeim, sem vilja halda áfram sömu gereyðingarstefnu og steyptu landinu í glötun á sínum tíma.“

ARI JÚLÍUS ÁRNASON

„Ef úr verður að hinn ástkæri Hjartagarður falli undir stein, þá skammast ég mín fyrir það að vera Íslendingur.“

GUÐRÚN LÍNA THORODDSEN

Ert þú með verki?

Stoðkerfisnámskeiðið hentar þeim sem eru með einkenni frá stoðkerfi og vilja læra á sjálfan sig og finna sín mörk í hreyfingu

- Hefst 29. okt. Mán, mið og föst kl. 15 eða 16.30
- Mat og ráðgjöf sjúkraþjálfara
- Fyrirlestrar um verki, svefntruflanir og heilbrigðan lífsstíl

„Allir verkir hafa minnkað. Ég var áður alltaf svo þreytt og alltaf að leggja mig. Mér finnst satt að segja að allir sem eru að finna til verkja ættu að koma hingað. Hreyfingin hefur líka áhrif á alla starfssemi líkamans og svo er þetta gott fyrir sálina. Mér líður miklu betur og ég er ákveðin í að halda áfram.“

Sólveig Guðmundsdóttir

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010

www.heilsuborg.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

DÁLÍTIL ÉL Veður verður nokkuð rólegt í vikunni og ekki fyrr en um næstu helgi að það fari að blása að einhverju ráði. Það verður yfirleitt úrkomulítið en má búast við éljum af og til um norðanvert landið næstu daga.



HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	22°
Berlín	16°
Billund	10°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	25°
London	19°
Mallorca	24°
New York	18°
Orlando	28°
Ósló	7°
París	22°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

ToysRus
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
HALLOWEEN
-25%
afsláttur af sýndum búningum og aukahlutum
ToysRus
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
Tilboðin gilda til og með 05.11.2012. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvilla.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs

	1.	2.	3.	4.	5.	6.
	Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?	Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?	Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?	Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?	Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt?	Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?
	66,3% SAMÞYKKJA	82,5% SAMÞYKKJA	57,5% SAMÞYKKJA	77,9% SAMÞYKKJA	65,5% SAMÞYKKJA	72,8% SAMÞYKKJA
Reykjav.kjörd. suður 51,4% kjörsókn	NEI 26% / JÁ 66% / AUTT 8%	NEI 11% / JÁ 79% / AUTT 10%	NEI 41% / JÁ 49% / AUTT 10%	NEI 16% / JÁ 72% / AUTT 12%	NEI 19% / JÁ 69% / AUTT 12%	NEI 22% / JÁ 66% / AUTT 12%
Reykjav.kjörd. norður 50,4% kjörsókn	NEI 23 / JÁ 77%	NEI 11% / JÁ 89%	NEI 49% / JÁ 51%	NEI 18% / JÁ 82%	NEI 21% / JÁ 79%	NEI 23,5% / JÁ 76,5%
	Staðan eftir að um það bil 70 prósent atkvæða höfðu verið talin. Aðeins þeir sem afstöðu tóku. Talningu var ekki lokið kl. 22.30 í gærkvöldi.					
Norðvestur-kjördæmi 46,7% kjörsókn	NEI 43% / JÁ 52% / AUTT 5%	NEI 26% / JÁ 60% / AUTT 14%	NEI 31% / JÁ 56% / AUTT 13%	NEI 27% / JÁ 58% / AUTT 15%	NEI 53% / JÁ 33% / AUTT 14%	NEI 28% / JÁ 55% / AUTT 17%
Norðaustur-kjördæmi 45,4% kjörsókn	NEI 40% / JÁ 54% / AUTT 6%	NEI 23% / JÁ 63% / AUTT 14%	NEI 35% / JÁ 52% / AUTT 13%	NEI 26% / JÁ 58% / AUTT 16%	NEI 60% / JÁ 26% / AUTT 14%	NEI 29% / JÁ 55% / AUTT 16%
Suðurkjördæmi 43,2% kjörsókn	NEI 40% / JÁ 55% / AUTT 5%	NEI 21% / JÁ 64% / AUTT 15%	NEI 33% / JÁ 53% / AUTT 14%	NEI 23% / JÁ 61% / AUTT 16%	NEI 37,5% / JÁ 46,5% / AUTT 16%	NEI 28% / JÁ 55% / AUTT 17%
Suðvestur-kjördæmi 51,4% kjörsókn	NEI 24% / JÁ 72% / AUTT 4%	NEI 13% / JÁ 77% / AUTT 10%	NEI 38% / JÁ 52% / AUTT 10%	NEI 16% / JÁ 72% / AUTT 12%	NEI 21% / JÁ 67% / AUTT 13%	NEI 22% / JÁ 65% / AUTT 13%

Breytingar á kosningalöggjöf tímafrekar

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, segir mikilvægt að stjórnarskrármálið sé áfram á dagskrá þingsins. Næstu skref séu að Alþingi ræði breytingar á stjórnarskránni þar sem byggt verði á grundvelli tillagna stjórnlagaráðs. Þingið sé ekki bundið af efnislegum tillögum ráðsins, en markmiðin séu nokkuð ljós.

„Ég tel eftir sem áður að þinginu sé rétt og skylt að fara vandlega yfir þessar tillögur efnislega. Það er ótvíræður vilji þings og þjóðar fyrir breytingum og stóð líka alltaf til að Alþingi tæki tillögur stjórnlagaráðs til umræðu og meðferðar. Því kemur niðurstaðan úr atkvæðagreiðslunni ekki á óvart. Nú hafa menn þennan grunn að byggja á og vonandi að góð sátt náist um stjórnarskrárbreytingar. Reyndar tel ég að enginn ágreiningur sé um ýmsa veigamikla þætti þar, þótt önnur atriði geti orðið umdeild.“

Björg segir stuttan tíma til stefnu ef nást eigi að samþykkja nýja stjórnarskrá á Alþingi fyrir kosningar. „Því miður nýttist síðasti vetur ekki. Það getur t.d. orðið tímafrekt að ræða ákvæði um kosningaskipulag. Yfirleitt er lagður meiri tími í að fara yfir grundvallarbreytingar á kosningalöggjöf og áhrif þeirra.“

Tveir þriðju sögðu já

Um 50% þátttaka var í þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að stjórnarskrá. Tveir þriðju vilja að drög stjórnlagaráðs verði grundvöllur að nýrri stjórnarskrá. Stefnt er að því að þingið afgreiði nýja stjórnarskrá fyrir vorið.

Vilji þeirra sem tóku þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag er afgerandi; tveir þriðju vilja að drög stjórnlagaráðs verði lögð til grundvallar nýrri stjórnarskrá. Salvör Nordal, formaður stjórnlagaráðs, er ánægð með niðurstöðuna.

„Mér finnst þetta sýna traust á störfum stjórnlagaráðs og við ferlið allt. Fyrir hönd stjórnlagaráðs vil ég þakka fyrir það traust sem okkur var sýnt.“

Salvör segir úrslitin afgerandi þegar kemur að drögum stjórnlagaráðs. Meirihlutastuðningur sé við hverja og eina af hinum spurningunum og það séu skýrar leiðbeiningar fyrir það sem þingið getur leyft sér í vinnu sinni.

Hvað næstu skref varðar segir hún mikilvægt að bíða niðurstöðu lögfræðingahóps sem er með drögin til skoðunar.

Frumvarp á næstu vikum

Valgerður Bjarnadóttir er formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, en nefndin fékk hópinn til starfa. Hópurinn hefur það hlutverk að kanna hvort lagalegir agnúar séu á frumvarpinu, hvort orðalag stangist á við fyrirliggjandi milliríkjasamninga og ýmislegt fleira. Þá mun hópurinn gera drög að greinargerð með frumvarpi um nýja stjórnarskrá.

Spurð hvers vegna þessi vinna hefði ekki verið kláruð fyrir kosningar segir hún að fyrst hafi þurft að fá niðurstöðu.

„Við erum að biðja þetta fólk að búa í hendurnar á okkur frumvarp sem við getum lagt fyrir þingið. Við þurftum að vita niðurstöðu kosninganna áður en við gátum lagt það fram.“

Helmingur sat heima

Þátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslunni var minni en í síðustu tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum, en þá var kosið um Icesave. Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, segir lélega þátttöku veikja þau skilaboð sem kosningarnar gáfu.

„Við getum velt því fyrir okkur hvaða skýringar eru á því. Þær geta verið margar, áhugaleysi, óánægja með ferlið eða spurningarnar eða eitthvað þess háttar, við vitum það ekki.

Að minnsta kosti er fimmtíu prósent kjörsókn mjög lítil í því samhengi sem við þekkjum. Kosningaþátttaka á Íslandi er að jafnaði á bilinu 70 til 85 prósent og hefur lengi verið.“

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Þátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslum

1918	Setning sambandslaganna	43,8%
1933	Afnám áfengisbanns	45,0%
2012	Drög að nýrri stjórnarskrá	48,9%
1916	Þegnskylduvinna	53,0%
2010	Ríkisábyrgð vegna Icesave	62,5%
1908	Áfengisbann	73,0%
1944	Afnám sambandslaganna	98,6%
1944	Setning nýrrar stjórnarskrár	98,6%

Sagt í Silfri Egils í gær

„Ef viljinn er fyrir hendi ættum við að geta náð viðunandi niðurstöðu fyrir vorið.“
Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

„Það er ekki hægt að gera lítið úr því þegar helmingur kosningabærra manna situr heima.“
Bjarni Benediktsson
formaður Sjálfstæðisflokksins

„Ég held að flestir geri sér grein fyrir því að það þurfi að fara betur yfir margt og skýra ýmislegt.“
Sigmundur D. Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins

„Það þarf alls ekki að taka langan tíma að fullvinna frumvarpið. Það er alveg á hreinu.“
Þór Saari
þingmaður Hreyfingarinnar

„Þetta er náttúrulega mjög afgerandi stuðningur við það ferli sem hefur verið allt þetta kjörtímabil á stjórnarskrármálinu.“
Álfheiður Ingadóttir
þingmaður Vinstri grænna

TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM**
LOKADAGUR Í DAG!

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 22. október.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Christian Grönroos

Einn þekktasti markaðsfræðingur heims, Christian Grönroos, verður með fyrirlestur á Þjóðarspeglinum í boði MBA námsins í Háskóla Íslands.

Föstudaginn 26. október í Hátíðasal í Aðalbyggingu Háskóla Íslands kl. 11:15 - 12:15.

Helstu efnisþættir sem Grönroos mun fjalla um eru:

Can marketing be reinvented?

- Why is marketing's credibility deteriorating?
- How critical is the situation? - marketing's dirty little secret
- The customer relationship lifecycle as a way of understanding the customer - and what marketing should accomplish today
- Two scenarios for the future
- Six guidelines for implementing the new marketing

Ókeypis aðgangur. Skráning á mba@hi.is
Láttu þetta tækifæri ekki fram hjá þér fara!

www.mba.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA

SAFT

KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI

Heimili og skóli

www.saft.is

Átök í Bani Walid í Líbíu fimmta daginn í röð:

Ósáttir við stjórnina

LÍBÍA, AP Hundruð manna hafa undanfarna daga barist við hersveitir, hliðholla Líbíustjórn, í bænum Bani Walid, sem er um 140 kílómetra suðaustur af höfuðborginni Trípolí.

Þar í bæ voru stuðningsmenn Múammars Gaddafí öflugir og enn eru margir ósáttir við þau stjórnvöld sem tóku við eftir að Gaddafí hafði verið steypt af stóli.

Í höfuðborginni Trípolí komu síðan um tvö hundruð manns saman fyrir utan þinghúsið og hvöttu til þess að þessum átökum linnti, enda kosti þau aðallega saklausa borgara lífið. - gb

ÖGRA STJÓRNAHERNUM Fyrrverandi stuðningsmenn Gaddafís eiga í átökum við hersveitir hliðhollar stjórninni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SKEMMDIR Í LORCA Jarðskjálftinn varð í maí árið 2011 og kostaði níu manns lífið.
NORDICPHOTOS/AFP

Spænskir bændur hafa borað æ dýpra eftir vatni:

Djúpar boranir ollu jarðskjálfta á Spáni

SPÁNN, AP Níu manns létu lífið og nærri 300 hlutu meiðsli þegar jarðskjálfti, sem mældist 5,1 stig, reið yfir bæinn Lorca á Spáni þann 11. maí árið 2011.

Nú er komið í ljós að boranir bænda eftir vatni hafi valdið þessum skjálfta. Undanfarna áratugi hafa þeir borað æ dýpra eftir vatni, og þar með gengið æ meir á grunnvatn á vatnasvæði rétt við misgengissprungu sem brast í skjálftanum. Vísindamenn frá Kanada, Ítalíu og Spáni segja líklegt að jarðskjálfti hefði orðið á þessu svæði fyrr eða síðar, en boranirnar hafi framkallað hann á þeim tíma sem hann varð.

Þetta var einn harðasti jarðskjálfti á Spáni í meira en hálfa öld.

„Orsökin er greinilega tengd landbúnaðinum," segir Miguel de la Doblas Lavigne, jarðfræðingur við Náttúruvísindasafn Spánar. „Þetta er eins og svampur sem vatn er kreist úr. Þyngd klettanna veldur því að jarðvegurinn lætur undan og minnstu breytingar nálægt virkri misgengissprungu eins og Alhama de Murcia-sprungunni geta verið dropinn sem fyllir mælinn, sem er það sem gerðist."

Hann sagði það algengt á Spáni að bændur tækju meira vatn en góðu hófi gegnir.

„Allir grafa sinn eigin brunn. Þeim er sama um allt," segir hann. „Ég held að í Lorca gæti komið í ljós að um 80 prósent af brunnunum hafi verið ólöglegir." - gb

www.volkswagen.is

Volkswagen Passat EcoFuel

Ratvís og víðsýnn

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

exquisit

WA-1110 Þvottavél
Ódýr og endingargóð þvottavél sem tekur allt að 5 kíló af taui
- Kerfa- og hitaval með einum valrofa
- 16 þvottakerfi þ.á.m. sérkerfi fyrir m.a. hraðkerfi, ullarkerfi, og kerfi fyrir viðkvæman fatnað
- **Barnalæsing**
- **Ofnæmisskolun möguleg**
- A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni

1000 SNÚNINGA · 5 KG

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **59.900** SPARAÐU NÚNA!

Electrolux

EWF-146310W Þvottavél
Mest selda þvottavélin okkar. Ótrúlega **lág bilanatíðni**. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni.
- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **Seinkun** á gangsetningu möguleg 0-23 klst.
- Stórt hurðarop
- **Tímaskjár**
- A++/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Sérstaklega notendavæn

1400 SNÚNINGA · 6 KG · HRAÐ-VAL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **89.900** SPARAÐU NÚNA!

AEG

L-60460FL Þvottavél
Nýjasta gerðin frá AEG Neue Kollektion með OptiSense þvottatækni og A++ orkunýtni
- **1400 sn.** hraðþvottavél með stillanlegum vinduhraða
- Sérstök blettameðhöndlun
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður
- **Fjöldi sérkerfa** m.a. sparnaðarkerfi, gallabuxnakerfi, 20 mín. kerfi og ullar- og handþv.kerfi
- Aqua control vatnslekavörn
- Ofnæmisskolun
- A++/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottahæfni og þeytivindu
- Fullt verð kr. **139.900**

1400 SNÚNINGA · 6 KG · AAB EINKUNN

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **109.900** SPARAÐU 30.000

AEG

L-75470FL Þvottavél
Ein besta AEG vélin okkar með **kolalausum** hágæðamótor og **A+++ orkunýtni**. Tekur allt að **7 kíló** og **Protex Plus** tromlu
- Mörg ný sérkerfi þ.á.m. Ull Plus, silki, gallabuxur teppi og öflugt hraðkerfi ásamt sparnaðarkerfi
- **Protex Plus tromla** sem lágmarkar slit og verndar viðkvæman fantað
- **Kolalaus** gæðamótor - endingarbetri, minna slit og hljóðlátari
- A+++/A/A einkunn fyrir orkunýtni
- **XXL hurðarop** - auðveld í notkun
- Stór skjár, snerittakkar og beinval
- Fullt verð kr **169.900**

1400 SNÚNINGA · XL 7 KG · AAA EINKUNN

KYNNINGARVERÐ KR. **139.900** SPARAÐU 30.000

SPARAÐU NÚNA! ÞVOTTA DAGAR

exquisit

TAE-67 Þurrkari með rakaskynjara
Með rakaskynjara sparast bæði tími og rafmagn
- Þvotturinn er aldrei ofþurrkaður og kemur ekki blautur út
- **11 mismunandi** kerfi fyrir viðeigandi þurrkstig
- Kerfi fyrir viðkvæman þvott
- **Hljóðmerki** við lok þurrks (hægt að slökkva)
- Cool Down krumpuvörn Snýst til beggja átta
- Tekur 6 kg

RAKA-SKYNJARI · 6 KG

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **59.900** SPARAÐU NÚNA!

AEG

TN-61270 Barkalaus þurrkari
Barkalaus þurrkari með rakaskynjara og **14 mismunandi** þurrkkerfum.
- Rafmagns- og tímasparnaður með rakaskynjara
- Tímaskjár og framstillt ræsing
- Tekur allt að **7 kg.**
- Sérkerfi m.a. fyrir viðkvæman fatnað, gallabuxur, ull og silki.
- Stór lúga 43x33 cm
- Krumpuvörn og niðurkæling á taui
- Mjög hljóðlátur
- **Protex tromla** sem verndar fantað og lágmarkar slit
- Fullt verð kr **149.900**

7 KG · BARKA-LAUS · RAKA-SKYNJARI

KYNNINGARVERÐ KR. **109.900** SPARAÐU 30.000

Tefal

FV-1215 Gufustraujárn
Vandað 1800W gufustraujárn með viðloðunarfríum sóla. Stillanleg gufa.
Fullt verð **5.990**

VERÐDÆMI **3.493** 30% AFSLÁTTUR

ÖLL STRAUJÁRN **30%** AFSLÁTTUR

MARGAR GERÐIR

BOSCH

SMU-50M75 Uppþvottavél stál
Afar hljóðlát uppþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni sem skynjar óhreinindi í vatni og aðlagar tíma, vatnþörf og hitastig eftir aðstæðum. Variospeed hraðval styttir þvottatímann um 50%
- Aðeins **46 dB(A)**
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi og sparnaðarkerfi
- **A+/A/A einkunn** f. orku/þvott/þurrkun
- Mjög vönduð innréttíng, breytanleg
- Tímaskjár og snertitakkar
- Aqua Control vatnslekavörn
- Fullt verð **159.900**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **139.900** SPARAÐU 20.000

46 DESIBIL · 3xA EINKUNN · HRAÐ-VAL

SIEMENS

SN-24M205EU Uppþvottavél
Vinsæl vél með 3xA toppeinkunn fyrir þvottagæði þurrkun og orkunýtni
- Aðeins **48 dB(A)**
- **4 þvottakerfi** þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi og sparnaðarkerfi
- **AquaSensor þvottatækni aðlagar tíma, hitastig og vatnsnoktun eftir þörf**
- Tímaskjár og snertitakkar
- Aqua Control vatnslekavörn
- Fullt verð **134.900**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **109.900** SPARAÐU 25.000

48 DESIBIL · 3xA EINKUNN · HRAÐ-VAL

Electrolux

ESF-63012 Uppþvottavél
Vönduð uppþvottavél með **5 þvottakerfum** og góðri innréttingu
- 30 mín. hraðkerfi og öflugt pottakerfi
- Framstillt ræsing möguleg
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **69.900** SJÁÐU VERÐIÐ!

AAA EINKUNN · HRAÐ-VAL · 70° KERFI

Electrolux

ESF-63020X Uppþvottavél
Hljóðlát uppþvottavél í fallegu burstuðu fingrafarafríu stáli
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- Framstillt ræsing möguleg
- Hækkanleg/lækkanleg efri þvottakarfa
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- Verð áður kr. **109.900**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **89.900** SPARAÐU 20.000

AAA EINKUNN · HRAÐ-VAL · 70° KERFI

Kynningarverð gildir t.o.m. 2 nóvember

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

SJÓNVARPSSTÖÐIN **ID: INVESTIGATION DISCOVERY** ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**

Mikilvægar kosningar í tveimur héruðum Spánar:

Lítt hjálpleg úrslit

SPÁNN Andstæðingar spænsku ríkisstjórnarinnar unnu sigur í héraðsstjórnarkosningum í Baskalandi í gær, samkvæmt útgönguspám, en stjórnarflokkurinn vann aftur á móti sigur í Galisíu.

Mariano Rajoy forsætisráðherra fær því misvísandi skilaboð, en stjórn hans hefur staðið í ströngu við að skera niður í ríkisfjármálum og gæti þurft á fjárhagsaðstoð frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að halda.

Úrslitanna var beðið í von um að sjá af þeim hvort aðhaldsaðgerðirnar eigi stuðning vísan. **- gb**

KOSIÐ Á SPÁNI Héraðsstjórnir í Galisíu og Baskalandi voru kosnar í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

MÓTMÆLENDUR Í BEIRÚT
Veifa fánum bæði Líbanons og stjórnarandstöðunnar í Sýrlandi.
NORDICPHOTOS/AFP

Útför snerist upp í óeirðir

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi er farin að valda æ meiri ólgu í Líbanon. Í gær brutust þar út átök er mótmælendur reyndu að ráðast inn í stjórnarhöll.

LÍBANON, AP Átök brutust út í Beirút milli lögreglu og mótmælenda í kjölfar útfarar herforingjans Wissam al Hassan, sem myrtur var á föstudag.

Hundruð mótmælenda brutust í gegnum raðir lögreglunnar og reyndu að komast inn í byggingu ríkisstjórnarinnar. Þúsundir manna biðu að auki átekta að baki hinum, sem brutust í gegnum raðir lögreglunnar.

Lögreglan beitti bæði skotvopnum og táragasi til að halda mannfjöldanum í skefjum.

Mótmælendurnir kenna sýrlenskum stjórnvöldum um morðið á Hassan, og saka stjórn Líbanons jafnframt um allt of náin tengsl við Sýrlandsstjórn. Mótmælendurnir hrópuðu einnig slagorð gegn Hezbollah, herskáum samtökum í landinu sem hafa jafnan notið mikils stuðnings frá Sýrlandi.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur mánuðum saman valdið ólgu í Líbanon, og hefur alloft komið til minni háttar átaka vegna þessa.

Sýrlandsstjórn og sýrlenski herinn hefur undanfarna þrjá áratugi haft mikil ítök í Líbanon, en herforinginn Hassan, sem myrtur var á föstudag, fór ekki dult með andstöðu sína gegn Sýrlandi og sýrlenskum áhrifum í Líbanon.

„Hann var myrtur við að verja land sitt," sagði Samer al-Hirri, einn þeirra sem voru viðstaddir útför Hassans í gær.

Fuad Saniora, forsætisráðherra Líbanons, hvatti fólk til að sýna stillingu: „Beiting ofbeldis er ekki ásættanleg og sýnir ekki þá ímynd sem við viljum," sagði hann, en tók jafnframt fram að hann hefði skilning á tilfinningum fólks.

> Hann var myrtur við að verja land sitt.
>
> **SAMER AL-HIRRI**
> EINN ÞEIRRA SEM VORU VIÐSTADDIR ÚTFÖRINA

Hassan stjórnaði í sumar rannsókn sem leiddi í ljós að áhrifamenn í Sýrlandi stóðu að baki áformum um sprengjuárás í Beirút. Í framhaldi af þeirri rannsókn var Michael Samaha, fyrrverandi innanríkisráðherra Líbanons, handtekinn, en hann hafði verið einn af helstu bandamönnum Sýrlands innan ríkisstjórnar Líbanons.

Samaha var einn þeirra sem fórust í sprengjuárásinni í Beirút á föstudag, þar sem Hassan lét einnig lífið. Alls kostaði sú árás átta manns lífið.

Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakklands, sagði allt benda til þess að stjórn Basher al Assads Sýrlandsforseta hafi átt hlut að sprengjuárásinni á föstudag.

„Allt bendir til þess að þetta sé framlenging á sýrlenska harmleiknum," sagði Fabius.

gudsteinn@frettabladid.is

Sjö ára stúlka veitir mikilvægar upplýsingar um morðin sem framin voru í Frönsku ölpunum í september

Hjólreiðamaðurinn var skotinn fyrst

FRAKKLAND Vitnisburður Zainab al-Hilli, sjö ára stúlku sem lifði af skotárás í Frakklandi, hefur breytt þeirri mynd sem franska lögreglan hafði gert sér af atburðarásinni.

Svo virðist sem hjólreiðamaður, sem fannst látinn skammt frá bifreið fjölskyldu stúlkunnar, hafi fyrst verið skotinn.

Að því búnu hafi morðinginn beint vopni sínu að föður stúlkunnar, sem hafði séð það sem gerðist. Loks hafi hann snúið sér að öðrum úr fjölskyldunni sem sátu í bifreiðinni.

Foreldrar stúlkunnar létu þar lífið ásamt ömmu hennar, en sjálf særðist hún illa af skotsári. Systir hennar, hin fjögurra ára gamla Zeena, lifði einnig af skotárásina með

MORÐSTAÐURINN Í FRÖNSKU ÖLPUNUM Tvær breskar stúlkur, sjö og fjögurra ára, lifðu skotárásina af.
NORDICPHOTOS/AFP

því að fela sig undir fótum móður sinnar í aftursæti bifreiðarinnar.

Svo virðist sem faðirinn, Saad al-Hilli, hafi verið fyrir utan bifreiðina ásamt eldri stúlkunni þegar skotið var á hjólreiðamanninn. Hann hafi síðan reynt að aka burt, en fest bílinn í gljúpum jarðvegi og þar af leiðandi hafi fjölskyldan ekki komist undan morðingjanum.

Með rannsókn á vettvangi hefur að sögn lögreglu tekist að staðfesta frásögn stúlkunnar.

Fjölskyldan bjó í Bretlandi en var á ferðalagi í Frönsku Ölpunum þegar morðinginn varð á vegi hennar.

- gb

BÍÐUR EFTIR VIÐSKIPTAVINUM Á búgripamarkaði í Pakistan beið þessi úlfaldasali eftir viðskiptavinum.
NORDICPHOTOS/AFP

FRÁ UNDIRRITUN Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar og KC Tran, forstjóri CRI.

Orkuverkefni í Helguvík:

Samnýta orku fyrirtækjanna

ORKUMÁL Reykjanesbær og Carbon Recycling International (CRI) hafa samið um uppbyggingu og þróun umhverfisvæns efnavinnslugarðs í Helguvík.

„Hugmyndafræðin byggist á því að samnýta orkuna milli samtengdra fyrirtækja og nýta útblástur og úrgang eins fyrirtækis sem innflæði í næsta fyrirtæki," segir í tilkynningu, en í garðinum er að finna þrjár grunneiningar; álversklasa, eldsneytis- og efnavinnsluklasa og kísilmálmklasa. „Með þessari útfærslu er hægt að nýta orkuna allt að helmingi betur og minnka mengun umtalsvert miðað við það að hvert fyrirtæki stæði eitt og ótengt öðrum."

- óká

Stakk undan VSK og gjöldum:

Á von á tugmilljóna sekt

DÓMSTÓLAR Forsvarsmaður smíðafyrirtækis í Reykjavík gæti átt von á 50 til 60 milljóna króna sekt verði hann fundinn sekur um undanskot á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum árin 2008 til 2011.

Mál á hendur manninum, sem er 41 árs gamall, var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðustu viku.

Fest er í lög að upphæð sektar fyrir undanskot skatta nemi þrefaldri upphæð undanskotsins. Samkvæmt ákæru skilaði maðurinn ekki virðisaukaskatti sem nemur tæplega 16,8 milljónum króna og tæplega 2,1 milljón af opinberum gjöldum.

- óká

Barði mann og annan:

Bótakröfur upp á 2,15 milljónir

DÓMSTÓLAR Ungur maður er ákærður fyrir þrjár líkamsárásir sem áttu sér stað fyrir framan Hressingarskálann og inni í verslun 10-11 í Lækjargötu í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 21. ágúst 2010. Þá var hann tvítugur.

Fram kemur í ákæru að fyrsta árásin teljist sérlega hættuleg. Þá sló hann mann í andlitið og sparkaði ítrekað í höfuð hans og líkama þar sem hann lá í jörðinni. Í verslun 10-11 réðst hann svo fyrst á stúlku og svo á annan mann.

Sá sem fyrst varð fyrir árás við Hressó krefst tæplega 1,3 milljóna króna í bætur. Hinn maðurinn krefst 850 þúsund króna, en stúlkan einskis.

- óká

skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðaratkvæðagreiðsla vegna nýrrar stjórnarskrár:

Afdráttarlausar niðurstöður

Niðurstöður leiðbeinandi þjóðaratkvæðagreiðslu vegna nýrrar stjórnarskrár liggur fyrir. Nærri helmingur kosningabærra manna valdi að fara á kjörstað og taka afstöðu til tillagnanna og afstaðan er skýr.

Endalaust er hægt að deila um hvort þátttaka í atkvæðagreiðslunni er góð, viðunandi eða slæm. Almennt hlýtur það að vera svo að eftir því sem kosið er um afstæðari hluti og flóknari þeim mun færri taka þátt. Vissulega hefur áhugi á nýrri stjórnarskrá sem leyst gæti af hólmi bráðabirgðastjórnarskrána frá 1944 verið talsvert meiri á umliðnum árum en lengst af. Hitt er annað að stjórnarskrá verður líklega seint efni sem brennur á þorra fólks með sama hætti og áþreifanlegri efni, eins og kosningar til þings og sveitarstjórna. Úrslit lýðræðislegra atkvæðagreiðslna ráðast þó af þeim sem taka þátt en ekki hinum sem sitja heima. Þannig eru leikreglurnar.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Úrslitin eru afdráttarlaus. Vilji verulegs meirihluta, tveggja þriðju á móti einum þriðja, stendur til þess að vinnan við samningu nýrrar stjórnarskrár haldi áfram frá þeim stað sem hún er á nú, þ.e. að tillögur stjórnlagaráðsins liggi til grundvallar nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið.

Skoðanir meirihluta kjósenda reyndust öndverðar við tillögur stjórnalagaráðs um eitt af þeim fimm efnisatriðum nýrrar stjórnarskrár sem spurt var um. Vilji meirihlutans stendur til þess að þjóðkirkjan eigi sér sess í stjórnarskránni sem tillögur stjórnlagaráðs gera ekki. Styrkur þjóðkirkjunnar hlýtur að koma á óvart, ekki síst í ljósi þeirra hremminga sem hún hefur gengið í gegnum undanfarin misseri. Vera kann að einhverjir hafi í þessari spurningu talið sig vera að taka afstöðu til þess hvort hér ætti að vera þjóðkirkja yfir höfuð eða ekki. Engu að síður eru skilaboðin skýr, jafnvel þótt munur milli hliða hafi ekki verið jafnafgerandi í þessari spurningu eins og í hinum.

Í öðrum niðurstöðum voru skilaboðin sterk, frá rúmlega 75 prósentum í þjóðaratkvæðagreiðsluspurningunni upp í tæplega 88 prósent í auðlindaspurningunni sögðu já og samþykktu með því upplegg stjórnlagaráðs.

Nú tekur þingið við keflinu. Meirihluti þess valdi að spyrja þjóðina álits á því hvort grundvalla ætti nýja stjórnarskrá á tillögum stjórnlagaráðs, ásamt því að bera undir hana fimm grundvallarspurningar úr tillögum ráðsins. Einhverjir hefðu kosið að fá að segja álit sitt á fleiri spurningum og öðrum þótti óþarfi að greiða atkvæði um efnisatriði. En svona var þetta og niðurstöður liggja fyrir.

Gera verður ráð fyrir að afdráttarlaus niðurstaða atkvæðagreiðslunnar verði góður grunnur að breiðri sátt í þinginu um áframhaldandi vinnu við stjórnarskrána. Fulltrúar allra flokka hljóta að taka mark á þeim skilaboðum sem niðurstöður atkvæðagreiðslunnar senda. Allar forsendur eru þannig fyrir því að hægt verði að samþykkja nýja stjórnarskrá fyrir vorið og svo aftur á nýju þingi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Pinnið ver fyrirtækið fyrir **kortasvikum**

Fyrirtæki sem tekur við greiðslu með því að lesa segulrönd örgjörvakorts er ábyrgt ef færslan reynist sviksamleg. Með notkun örgjörvaposa sem snúa að viðskiptavinum er rekstraráhætta tengd kortaviðskiptum takmörkuð.

Advania á tilbúnar posalausnir og aðstoðar við innleiðingu á örgjörvaposum.

Nánari upplýsingar á www.advania.is/pinnid eða í síma 440 9428.

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000

advania
Welcome to IT

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sigurvegarinn fundinn

Sumir hafa haft á orði að enginn hafi unnið og enginn tapað í þjóðaratkvæðagreiðslunni, þjóðin væri einfaldlega að segja hug sinn. Þetta er rangt. Kosningarnar snerust um hvort Jón Magnússon lögmaður hefði rétt fyrir sér eða ekki, eins og hann sagði sjálfur í Silfri Egils: „Ég lít á mig sem sigurvegara þessara kosninga að vissu leyti því ég greiddi atkvæði já, með miklu, miklu fleiri og það eru yfir 80% af kjósendum landsins sem eru sammála mér í meginhluta tillagnanna. Það er bara það að ég vil ekki leggja illa orðaðar tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar breytingum." Til hamingju Jón.

Allir vinna

Annars eru íslenskir stjórnmálamenn þeir fremstu í heimi þegar kemur að því að túlka úrslit kosninga sér í hag. Afskaplega væri hressilegt að heyra í stjórnmálamanni sem segði bara eins og er; já, ég er hundfúll, mín sjónarmið njóta greinilega ekki meiri stuðnings hjá kjósendum.

Facebook-sjónvarp

Stefán Jón Hafstein, fyrrverandi sjónvarpsmaður, er óánægður með trakteringar síns gamla vinnustaðar, Ríkisútvarpsins, á kosningunum. Hann saknaði þess að viðmælendur væru fengir strax á laugardagskvöldið, enda hefði Facebook sýnt að nóg væri af álitsgjöfum sem hefðu getað komið með fyrstu viðbrögð. Það er einmitt það sem við þurfum; að gera sjónvarp úr Facebook.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Merkingarlaus þjóðaratkvæðagreiðsla

Stjórnarskrá

Sigurður Líndal
lagaprófessor

Í þeirri ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór sl. laugardag, 20. október, var spurt um það, hvort kjósandi vildi að tillögur stjórnlagaráðs yrðu lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Um 66% þeirra sem kusu svöruðu spurningunni játandi.

Nú hafa fleiri athugasemdir verið gerðar við tillögurnar en ég hef tölu á, en margar lúta að merkingarleysi og mótsögnum. Þetta hefur verið viðurkennt í verki, með því að nú um nokkurt skeið hefur starfshópur lögfræðinga verið að fara yfir tillögurnar, væntanlega til að sníða af ágalla þessa og fleira sem athugunarvert þykir.

Um hvað snerist þá þessi atkvæðagreiðsla? Um ófullburða plagg sem fullyrða má að landsmenn höfðu afar óljósa hugmynd um, hvað fæli í sér. Tæpitungulaust snerist atkvæðagreiðslan því ekki um neitt. Hér er unnið í anda sýndarlýðræðis sem er vísastur vegur til að rækta jarðveg fyrir pólitíska spillingu, þannig að hún verði stunduð í skjóli teygjanlegs lýðræðilegs umboðs sem túlka megi á hvaða veg sem er og réttlæta hvað sem er.

> Um hvað snerist þá þessi atkvæðagreiðsla? Um ófullburða plagg sem fullyrða má að landsmenn höfðu afar óljósa hugmynd um, hvað fæli í sér.

Forsætisráðherra lýsti því í Silfri Egils í gær að afgreiðsla endurskoðaðs stjórnarskrárfrumvarps yrði látin hafa algeran forgang á Alþingi og önnur mál látin bíða ef tími reynist ónógur. Þeirri hugsun verður nú varla varizt að með þessu sé verið að draga athyglina frá raunverulegum vandamálum, einkum atvinnumálum og skuldamálum heimila og fyrirtækja, enda skammt til kosninga. Og þá er spurningin hvort Alþingi standi í hlýðni við forsætisráðherra eða taki sjálft frumkvæði að því að taka á þeim vanda sem helzt brennur á þjóðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Jákvætt ferli

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Kosningaþátttakan í fyrradag var ekki nógu léleg til að hægt sé að hundsa niðurstöðurnar. Hún var kannski ekki stórfengleg en nægileg til að taka verður kosningarnar alvarlega.

Þeir landsmenn sem ekki fóru á kjörstað eftirlétu hinum að kjósa fyrir sig. Þeir létu ógert að segja nei. Það að sitja heima jafngildir því kannski ekki að segja já – en það jafngildir þá ekki heldur því að segja nei. Það jafngildir því að segja pass. Það jafngildir því að segja: Þið hin skuluð ákveða þetta. Sem er alveg fullgilt sjónarmið. Þau sem heima sátu voru ekki endilega að segja: Það á ekki að kjósa um þetta, heldur: Ég ætla ekki að kjósa um þetta; ég hef ekki vit/áhuga/skoðun á þessu.

Þannig er lýðræðið

Gott og vel. Og svo afdráttarlaus voru svörin við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir landsmenn að þingmenn hljóta að taka ríkulega tillit til þeirra í sinni mikilvægu vinnu.

Í þessum kosningum lögðum við þingmönnum línurnar um það hvernig hún á að fara fram. Það er gott veganesti fyrir þessa þjóðarþjóna. Þannig er það raunar í öllum kosningum, þó að það vilji gleymast í okkar ógagnsæja kerfi. Þannig er lýðræðið. Og þó að þessar kosningar hafi verið sagðar ráðgefandi og þó að Alþingi taki nú lögum samkvæmt við málinu og vinni það áfram í samræmi við ábendingar sérfræðinganefnda um það sem betur má fara – og er mjög mikilvægt að hlustað sé á – þá hljóta þingmenn að taka mið af þeim meginlínum sem lagðar voru í þessum kosningum. Þeir geta ekki látið sem þær hafi aldrei átt sér stað. Hversu gjarnan sem þeir vildu.

Við eigum í vændum lýðræðisbyltingu í kjölfar þess að atkvæði okkar verða gegnsærri; fulltrúar okkar á þingi gætu orðið raunverulega kosnir af okkur en atkvæðið manns lendir ekki lengur í óskiljanlegri herleiðingu hringinn kringum landið þar sem það endar kannski hjá einhverjum sem stendur fyrir allt það sem maður er á móti. Misvægi atkvæða hefur ekki komið í veg fyrir það að fámennari byggðarlög hafi lent í vítahring mannfæðar og fábreyttra atvinnu- og menningarhátta en hins vegar skapað nokkurs konar furstadæmi þar sem öflugir þingmenn hafa í krafti aðgangs að uppsprettulindum fjármagns og valda „fyrir sunnan“ byggt upp öflugt kerfi þar sem „sambönd“ eru lykilorðið. Við eigum að vísu eftir að sjá hvernig aukin áhersla á persónukjör hefur áhrif á þetta kerfi – og sjálfur hef ég alltaf verið svolítið efins um þessa viðteknu hugmynd um „Fjórflokkinn“ þar sem allir séu eins; svo nefnt sé nærtækt dæmi: hvenær hefði svona þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram í valdatíð hægri flokkanna?

Þjóðareign

Ákvæðið um að náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu skuli lýstar þjóðareign er mikilvægt og þess að vænta að það verði í nýrri stjórnarskrá sem næst þeirri mynd sem kjósendur samþykktu.

Kunnir fræðimenn hafa tekið sér fyrir hendur að sanna, svo að ekki verði um villst, að ranglætið borgi sig alltaf og misskiptingin leiði ævinlega til velfarnaðar sem aukist eftir því sem eign á sameiginlegum auðlindum og arður af þeim færist á færri hendur. En hversu oft og hversu rækilega sem sýnt er fram á þjóðhagslega hagkvæmni ranglætis og misskiptingar þá er eins og fólkið – eða verulei

> Við megum þá vænta þess að hannesarsmárasynir framtíðarinnar geti ekki „keypt“ út á krít náttúrugersemar og veðsett síðan til að eiga skotsilfur.

leikinn – láti sér ekki segjast og því var þetta ákvæði samþykkt í fyrradag með miklum meirihluta. Við megum þá vænta þess að hannesarsmárasynir framtíðarinnar geti ekki „keypt“ út á krít náttúrugersemar og veðsett síðan til að eiga skotsilfur; að óveiddur fiskur í sjónum sé sameiginleg eign þjóðarinnar og sanngjarnt verð renni til sameiginlegra sjóða af nýtingu hans, rétt eins og tíðkast til að mynda í Noregi af vinnslu olíu.

Þegar maður horfði á Silfrið í gær, á fulltrúa flokkanna túlka niðurstöður hvern með sínum hætti, eins og þeim ber vissulega að gera enda fulltrúar ólíkra lífsviðhorfa og sjónarmiða – þá fór hins vegar ekki hjá því að maður fyndi vissan leiða á því að sitja undir þjarkinu og þessu sífellda togi um að „hafa orðið“, eins og orðið sé eins konar bolti sem maður á að sóla með og „skýla“. Maður fyllist óþoli og ókyrrð við að horfa á svona samræður. Það rifjaðist upp hvernig þetta var í Stjórnlagaráði sem komst að einróma niðurstöðu, þrátt fyrir að þar væru ákaflega ólíkir einstaklingar sem voru fulltrúar mjög ólíkra sjónarmiða. Á stjórnlagaþinginu talaði þetta fólk saman á einhvern alveg nýjan hátt: af virðingu fyrir stöðu sinni og hvert öðru – og okkur kjósendum.

Ný stjórnmál. Það er eitthvað fallegt við þetta ferli, eitthvað hátíðlegt, eitthvað mjög jákvætt.

tímamót

timamot@frettabladid.is

43 **SPIKE JONZE** leikstjóri er 43 ára í dag.
„Sem leikstjóri færðu að vera varðhundur alls tökuferlisins. En á sama tíma þarf maður að leggja á minnið heilt handrit.“

Merkisatburðir

1253 Flugumýrarbrenna. 25 manns láta lífið þegar kveikt er í bænum Flugumýri í Skagafirði.

1859 Spánn lýsir yfir stríði á hendur Mónakó.

1964 **Franski rithöfundurinn Jean-Paul Sartre hlýtur Nóbelsverðlaun í bókmenntum sem hann afþakkar.**

1961 Bjarni Benediktsson er kosinn formaður Sjálfstæðisflokksins.

1974 Sprengjuárás á skemmtistað í London með þeim afleiðingum að þrír starfsmenn særast.

1992 Stærsta síldarfarmi sem landað hefur verið úr einu skipi er landað á Eskifirði.

Á SKÓLALÓÐINNI Meðal þess sem horfa á til í nýju hverfaskipulagi er samsetning skólahverfa og hvort byggð sé nógu þétt til að bera nærþjónustu á borð við verslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DULARFULL MYND Kvikmyndin Teorema er sýnd í Lögbergi í kvöld.

Sýna gamalt meistaraverk

Kvikmyndin Teorema frá árinu 1968 verður sýnd í stofu 101 í Lögbergi í dag. Tilefni sýningarinnar er XII Vika ítalskrar tungu. Teorema er eftir ítalska leikstjórann Pier Paolo Pasolini en hann er af mörgum talinn einn merkasti listamaður Ítalíu á 20. öld.

Pasolini starfaði ekki aðeins sem leikstjóri heldur var hann einnig skáld, málfræðingur og blaðamaður. Teorema segir frá dularfullum gesti er dvelur hjá ríkri fjölskyldu í Mílanó. Það er félagið Marco Polo sem stendur fyrir sýningunni auk ítölskukennara við Háskóla Íslands.

Sýningin hefst klukkan 18 og er aðgangur ókeypis.

SIGBJÖRN KJARTANSSON: HVERFISSKIPULAGIÐ Á AÐ SKILGREINA RAMMANN

Hverfin tekin í stærri heildum

Hafinn er undirbúningur að nýju vinnulagi í skipulagsmálum í Reykjavík. Í kvöld kynna Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, og Sigbjörn Kjartansson, arkitekt hjá Glámu Kími, hugmyndirnar á fundi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Nýja skipulagsvinnan snýr að átta af tíu borgarhlutum, en nýbreytni er að láta horfa á stærri svæði en verið hefur gert til þessa. Lögð er áhersla á sjálfbæra þróun, svo sem vistvænar samgöngur og nærþjónustu. Hvert hverfisskipulag er svo hugsað sem sáttmáli milli borgarbúa og borgaryfirvalda um hvernig hverfið eigi að þróast til framtíðar og á því eiga svo að byggjast framkvæmda- og fjárfestingaráætlanir. Eins á skipulagsvinnan að fjalla um stóru myndina í aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2030. Yfirskrift þeirrar vinnu er „Borg fyrir fólk“.

„Við höfum unnið þetta með borginni, að átta okkur á hvaða merkingu þessi nálgun gæti haft og hvernig verklagsferlar yrðu búnir til,“ segir Sigbjörn. Hverfisskipulagið segir hann að sé hugtak sem innleitt hafi verið í nýjum skipulagslögum sem tóku gildi um áramótin 2010/2011. „Þar er hverfisskipulagi lýst sem aðferð við deiliskipulag og grein gerð fyrir því í skilningi laganna. En hugmyndin er sú að þetta eigi við um þegar byggð hverfi og teknar séu fyrir heildir og stærri svæði en gert hefur verið síðustu ár þegar verið er að endurskilgreina heimildir til bygginga og framkvæmda í gömlum hverfum bæjarins. Hugmyndin að baki þessu er sú að hverfin séu tekin í stærri heildum.“ Annars vegar segir Sigbjörn að hverfisskipulagið eigi þá að skilgreina almennan ramma um hvað heimilt sé að ráðast í og hvað ekki. „Og hins vegar að fjallað sé um svæði þar sem meiri inngrip eru fyrirhuguð sem þróunarsvæði og og þá séu rammalýsingar um hvað þar verði á döfinni.“

Sigbjörn segir að með nýju hverfisskipulagi ætti þá að vera komið fram praktískt verkfæri fyrir borgina þar sem skipulag sé unnið á skilvirkari hátt en áður, um leið og vinnan geti verið grundvöllur fyrir ríkari sátt um skipulagið. „Skipulagið ber þá ekki að með jafn miklu hentistefnuyfirbragði og oft hefur virst vera síðustu misserin.“

Þá segir Sigbjörn í verklaginu tækifæri í tengslum við sjálfbæra þróun þar sem greina megi hverfin betur út frá samsetningu og þjónustueiningum. „Það hefur til dæmis með það að gera hvort nógu margar íbúðir standi að baki hverju skólahverfi til að stuðli að stabílu skólastarfi og hvort fólk búi nægilega þétt til að það beri nærþjónustu, eða hvort menn ætli að halda áfram að keyra lengri leiðir til að sækja mjólk og annan varning.“

Í tilkynningu borgarinnar um fundinn, sem hefst í Gerðubergi klukkan átta í kvöld, kemur fram að þegar í þessum mánuði eigi að auglýsa eftir „þverfaglegum hönnunarteymum til þess að hefja undirbúning hverfisskipulagsgerðar í átta hverfum borgarinnar“. Eru það sögð tíðindi í þróunarsögu borgarinnar.

olikr@frettabladid.is

> Skipulagið ber þá ekki að með jafn miklu hentistefnuyfirbragði og oft hefur virst vera síðustu misserin.
>
> **Sigbjörn Kjartansson**

✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

KRISTJÁN JÓNSSON
Hlégerði 23, Kópavogi,

sem lést þriðjudaginn 16. október á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Vífilsstöðum, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 23. október kl. 13.00.

Ingvar Kristjánsson
Ágústa Kristrún Ingvarsdóttir
Ragnhildur Björk Ingvarsdóttir
Halla Ágústsdóttir

ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
ÞEKKING–REYNSLA–ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485
Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947

ÞETTA GERÐIST: 22. OKTÓBER 1797

Fyrsta fallhlífarstökkið

Á þessum degi árið 1797 fór Frakkinn André-Jacques Garnerin í fyrsta fallhlífarstökkið. Hann stökk úr loftbelg í þrjú þúsund feta hæð yfir París. Leonardo Da Vinci kom fyrstur fram með hugmyndina að fallhlíf en Frakkinn Louis-Sébastien Lenormand bjó til fyrstu fallhlífina úr tveimur regnhlífum árið 1793 og stökk úr tré. Garnerin varð aftur á móti sá fyrsti sem hannaði fallhlíf sem gat hægt á hraða manns sem stökk úr mikilli hæð.

Hann fékk hugmyndina þegar hann var fangi í ungversku fangelsi á tíma frönsku byltingarinnar. Draumur hans var að geta stokkið niður af háum fangelsisveggjum. Hann prófaði þó ekki hugmyndir sínar þar en áhuginn á fallhlífarstökki dvínaði ekki. Árið 1797 lauk hann við gerð fyrstu fallhlífarinnar. Hún var sjö metrar í þvermál og fest við bastkörfu. Hinn 22. október festi hann fallhlífina við loftbelg og sveif hátt yfir jörðu. Hann klifraði yfir í körfuna og skar á böndin sem héldu henni. Þar sem hann gleymdi að gera loftgat efst á fallhlífina sveiflaðist hann til og frá á leið sinni til jarðar en lenti óskaddaður. Garnerin lést 1823 í loftbelgsslysi þegar hann var að prófa nýja gerð fallhlífa.

GARNERIN SVÍFUR TIL JARÐAR Frakkinn Garnerin svífur til jarðar í fallhlífinni.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

JÓLIN NÁLGAST

Mörgum finnst jólin nálgast þegar jólaórói Georgs Jensen kemur á markað, enda hefur hann söfnunargildi. Að þessu sinni er hönnunin sótt til sögunnar um fæðingu Jesú en hún á að tákna betlehemsstjörnuna. Rebecca Uth á heiðurinn af hönnuninni að þessu sinni.

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.
Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is

NÁTTÚRAN Á GÓLF

ÍSLENSK HÖNNUN *Sigríður Ólafsdóttir og Sigrún Lára Shanko framleiða gólfmottur úr íslenskri ull. Munstrin eru unnin út frá loftmyndum og kortum.*

Við hittumst fyrst á textílverkstæðinu á Korpúlfsstöðum. Sigga gekk með þann draum í maganum að búa til gólfmottur en hún lærði fínflosaðferð í Svíþjóð. Við stofnuðum saman fyrirtækið fyrir rúmu ári og samhliða því að standsetja húsnæðið unnum við hugmyndir og skissur. Við sýndum svo fyrstu motturnar í Epal á HönnunarMars 2012," útskýrir Sigrún Lára Shanko en hún rekur fyrirtækið Élivogar ásamt Sigríði Ólafsdóttur, textíl- og vöruhönnuði en þær hanna og framleiða gólfmottur úr hreinni, íslenskri ull.

Boltinn fór strax að rúlla eftir HönnunarMars og í framhaldinu fengu þær stöllur umfjöllun í sænska Elle interiour og boð um þátttöku á hönnunarsýningu í Helsinki. Þá voru þær meðal topp tíu hönnuða á HönnunarMars að mati wgsn.com.

„Motturnar sem fóru til Helsinki eru þar enn á sýningu á heimili íslenska sendiherrans þar. Þá erum við að vinna spennandi verkefni fyrir Hótel Rangá og fleiri aðilar hafa einnig haft samband. Þá er markaðssetning í útlöndum handan við hornið en við erum komnar með umboðsaðila í Bretlandi. Það er því margt spennandi í farvatninu," segir Sigrún.

Munstrin á mottunum eru unnin upp úr loftmyndum og landakortum af Íslandi. Þær eru handunnar og því verður engin þeirra alveg eins. „Við handteiknum munstrið á vefinn sem er strengdur á ramma. Vélknúin nál festir þræðina en framleiðslan sjálf tekur um það bil 5 daga. Hver motta er númeruð svo hægt er að rekja sögu hennar, hvernig hún er unnin, af hverjum og hvaða litir eru í henni. Þannig getum við lagað mottu fyrir viðskiptavin með því að fletta upp númerinu. Eins er hægt að sérpanta hjá okkur aðra liti í eitthvert munstur eða koma með eigið munstur sem við hjálpum til við að þróa í mottu."

Auk gólfmottanna hafa Sigrún og Sigríður hafið framleiðslu á sessum, sem þær kalla Piece of Iceland. „Við hugsum þær eins og púfur sem hægt er að kippa með sér og setjast á úti. Við berum náttúrulegt latex undir svo þær taka ekki til sín raka. Ég veit ekki til þess að íslenska ullin hafi verið nýtt á þennan hátt áður," segir Sigrún.

Nánar á www.elivogar.com og á facebook.

■ heida@365.is

ÍSLENSKAR ULLARMOTTUR Gólfmotturnar eftir Sigrúnu Láru Shanko og Sigríði Ólafsdóttur eru á leið á erlendan markað. Hér heima fást þær í Epal og Kraum.
MYNDIR/PJETUR

JEPPARAFGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?

Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

ÝMIR, SAGA, FREYJA, ÞÓR OG ÓÐINN
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur

ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. 124.900

FINNDU MUNINN

Tilboðsverð
Valhöll heilsudýna
5 svæðaskipt gormakerfi
153x203 aðeins kr. 89.900

Svefn & heilsa
www.svefn.is
*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

BÓKHALD, ÁRSREIKNINGAGERÐ, SKATTARÁÐGJÖF.
APOLLON BÓKHALDS & REKSTRARÞJÓNUSTA | Sími 571 9555 www.apl.is | Borgartúni 28 105 Reykjavík

Líður þér eins og að sjóði á þér?
facebook: Chello fyrir breytingarskeiðið
Hita- og svitakóf er oft fylgikvilli breytingarskeiðs kvenna
Chello hefur bætt líðan fjölda kvenna á þessu annars frábæra tímaskeiði.
Chello er náttúrulegt efni og fæst í þremur tegundum:

Grænn án Soja
Rauður fyrir konur yfir fimmtugt
Blár fyrir konur undir fimmtugt
Chello fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna
MEZINA
www.gengurvel.is
PRENTUN.IS

KONJAK
VILT ÞÚ LÉTTAST HRATT OG ÖRUGGLEGA?
Taktu inn 2 töflur af KONJAK + STÓRT glas af vatni 3x á dag hálftíma fyrir máltíð

Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast massi sem fyllir vel upp í magasekkinn og veldur seddutilfinningu og þú borðar minna!
Í Konjak eru náttúrulegar glucomannan trefjar sem einnig bæta meltinguna. Viðurkennt af EFSA Matvælastofnun Evrópu
Fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna.
www.gengurvel.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
BESTU BROTIN ÚR ÍSLANDI Í DAG
VÍSIR - oft á dag

HEIMA VIÐ | BERGÞÓR PÁLSSON, SÖNGVARI

HAMINGJUSAMUR MEÐ ÚTIHURÐINA

Bergþór Pálsson söngvari er 55 ára í dag og hefur í nógu að snúast bæði við söng og heimastörf. Hann gaf sér þó tíma til að svara nokkrum léttum spurningum.

Hvað ert þú helst að fást við þessa dagana? Eins og venjulega er ég að sýsla við undirbúning á hinum og þessum tækifærissöng við brúðkaup, jarðarfarir, afmæli o.s.frv. Auk þess þarf ég alltaf að hugsa til lengri tíma, í augnablikinu er ég að vinna í dagskrá fyrir tónleika í Washington í vor. Auk þess kenni ég svolítið.

Stendur þú í einhverjum framkvæmdum á heimilinu eða hefur nýlokið við? Varla er hægt að kalla það framkvæmdir, en fyrir skömmu málaði ég útidyrahurðina í sænskrauðum lit og er býsna hamingjusamur með það.

Ertu duglegur að breyta og bæta heima við? Ég held að undirmeðvitundin sé alveg að fara að ákveða dag til að fara í geymsluna. Það er með ólíkindum hvað maður getur safnað að sér drasli sem engin not eru fyrir, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hummar maður alltof oft fram af sér að ráðast á það. Eins og það er nú gaman þegar það er búið! Mér finnst gaman að færa til húsgögn og skipta út skrautmunum (sem stundum finnast í geymslunni þegar maður lagar þar til!), en ég er samt tiltölulega ánægður með fyrirkomulagið eins og það er.

Er einhver hlutur sem þig langar sérstaklega mikið í þessa dagana? Ég ríf oft í hár mér þegar ég er að reyna að ná sléttri plastfilmu úr pakkanum, þannig að mig langar í plastrúllu upp á vegg, en hef ekki fundið. Þar sem ég á afmæli í dag, verður mér kannski að ósk minni (er ekki hægt að síkríta svona?).

Hver er uppáhaldshluturinn þinn í eldhúsinu? Sítrónupressan fína. Sítrónuvatn er undrameðal sem heldur mér kraftmiklum, meðan kaffi gerir mig slappan og þreyttan.

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn á heimilinu? Hornið í sjónvarpssófanum þar sem ég vinn alltaf ýmislegt í höndum og anda niður í kvið til að reyna að halda jafnvægi í lífsins ólgusjó, meðan sjónvarpið malar. Oft skrúfa ég samt niður í því. Stundum skiptir maður um stöð, en ánægðastur var ég þegar ég uppgötvaði að ég gat hlustað á Rás 1 í sjónvarpinu. Það er svo heimilislegt!

FAGURKERI
Bergþór Pálsson er nokkuð ánægður með heimilið sitt.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Nýtt námskeið hefst 24. október

SAFT

Heimili og skóli
www.saft.is

MÁNUDAGUR **22. OKTÓBER 2012**

HUGBÚNAÐUR

&HUGBÚNAÐARGERÐ

Kynningarblað Viðskiptahugbúnaður, vefumsjónarkerfi, lausnir á sviði innkaupastjórnunar og markaðssetning á netinu.

Internetið er hin týnda eyja Atlantis

Kristján Már Hauksson flakkar um heiminn og heldur fyrirlestra um markaðssetningu á netinu. „Ég vinn við að hjálpa fyrirtækjum og einstaklingum við að finna bestu mögulegu leiðirnar til að verða sýnileg á netinu.“



Kristján segir sýnileika á netinu meðal annars fást með því að nota réttu orðin. MYND/PJETUR

Árið 2009 kom út bókin Markaðssetning á netinu eftir Kristján og Guðmund Arnar Guðmundsson. Á þessu ári kom svo út bókin Global Seach Marketing í Bandaríkjunum eftir hann og Anne Kennedy. „Bókin er skrifuð fyrir Ameríkana með það að leiðarljósi að hjálpa þeim að ná inn á Evrópumarkað. „Margir Bandaríkjamenn halda til dæmis að Evrópa sé eitt land og að þar tali allir sama tungumál. Eða að við hér á Norðurlöndunum skiljum öll hvert annað og tölum sama mál. Þetta er bók sem hjálpar þeim að skilja heiminn aðeins betur og ná þannig betri árangri í markaðssetningu á netinu.”

Atlantis fundin

En hvað er góð markaðssetning? „Internetið er gríðarlega stórt og nánast eins og búið sé að finna hina týndu eyju Atlantis þar sem 2,2 milljarðar búa. Til þess að ná til fólks í slíkum fjölda þarf að finna rétta leið til að verða sýnilegur gagnvart sínum markhópi.“

Verslunarmiðstöðin internetið

„Það mætti líka líkja þessu við verslunarmiðstöð. Ef þú ert með hillu með ákveðinni vöru í sem allir ganga fram hjá getur verið að hún sé ekki rétt staðsett. Það þarf ekki að vera að varan sé slæm, hún er bara ekki sýnileg. Ef þú hinsvegar færir hilluna örlítið til eða breytir henni þannig að hún verður sýnileg getur það skipt sköpum. Mitt hlutverk er að aðstoða við að finna út úr því hvar og hvernig þessari hillu er best komið fyrir á netinu.“ Kristján nefnir Ingu Maríu Guðmundsdóttur sem dæmi um einstakling sem fundið hafi sína hillu á netinu. „Inga rekur dúkkulísuvefinn dressupgames.com. Hún fann sína hillu á netinu og þar með sinn markhóp. Hún er einn tekjuhæsti einstaklingurinn á Ísafirði vegna þess.“

Sýnileiki með réttum orðum

Sýnileiki á leitarvélum fæst til dæmis með því að nota réttu orðin. En rétt orð eru ekki það sama og vel saminn texti á góðri íslensku eða hvaða tungumáli sem er. „Rétt orð eru þau orð sem fólk notar í daglegu lífi. Sem dæmi mætti taka orð eins og skeggsnyrti; tæki sem bara er notað til að snyrta skegg, en það leitar enginn eftir því. Flestir nota orðið rakvél. Skeggsnyrtir er hreinlega ekki hluti af okkar daglega máli. Þetta eru svona gryfjur sem fallið er ofan í og oft eru fyrirræki og fagstéttir með ákveðið málfar sem tengist þeirra fagi. Almenningur talar hins vegar allt annað mál.“

Nordic E-marketing

Það er mikið um að vera hjá Kristjáni um þessar mundir við rekstur fyrirtækis síns Nordic E-marketing þar sem hann aðstoðar fólk og fyrirtæki við að ná árangri á netinu. „Hér starfa á bilinu 15-20 manns og svo erum við með starfsstöðvar erlendis. Við sérhæfum okkur í leitarvélabestun og höfum unnið fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum heims eins og Dell, Icelandair, Intel og fleiri.“

Heldur ráðstefnur á Íslandi

Kristján ferðast víða um heim og talar á ráðstefnum um þessi mál og er nýkomin frá Istanbúl þar sem hann hélt fyrirlestur á ráðstefnu um netmarkaðssetningu og heldur svo til Slóvakíu í næsta mánuði. „Svo er Anne Kennedy líka að halda fyrirlestra í Bandaríkjunum út frá bókinni okkar. Svo hef ég haldið ráðstefnur hér á landi á hverju ári síðastliðin tíu ár um markaðsmál á netinu. Á þessu ári fæ ég fólk frá Google, Facebook og Twitter til að tala ásamt fleirum. Ég hvet áhugasama til að fylgjast með enda ekki oft sem svona tækifæri bjóðast hér á landi.“

Aukin tækifæri á erlendum mörkuðum

AGR selur lausnir á sviði innkaupastjórnunar og hefur náð góðum árangri hérlendis. Undanfarin ár hefur fyrirtækið einblínt á erlenda markaði og mörg spennandi tækifæri eru fram undan.

„Vaxtartækifæri okkar eru á erlendum mörkuðum næstu árin. Við seljum lausnir okkar í dag í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu með góðum árangri,“ segir Finnur Tjörvi Bragason, markaðsstjóri AGR. MYND/PJETUR

Eitt fjölmargra hugbúnaðarfyrirtækja sem náð hafa góðum árangri erlendis undanfarin ár er AGR. Fyrirtækið, sem er fimmtán ára gamalt, hefur þróað kerfi sem nefnist AGR Innkaup og heldur utan um innkaup og birgðastýringu hjá fyrirtækjum og nýtist þannig við stýringu aðfangakeðjunnar. Flest stærstu fyrirtæki landsins sem selja neytendavörur eru viðskiptavinir AGR og rúmlega tveir þriðju tekna þess koma erlendis frá. Finnur Tjörvi Bragason, markaðsstjóri fyrirtækisins, segir íslenska markaðinn að mestu mettaðan og fyrirtækið einblíni nú á ráðgjafaþjónustu við innlenda viðskiptavini ásamt áframhaldandi útrás á erlenda markaði. „AGR Innkaup á þátt í stýringu innkaupa á miklum meirihluta neysluvara Íslendinga, til dæmis matvöru, áfengis, lyfja, varahluta og byggingavara svo nokkur dæmi séu tekin. Við höfum starfað á þessum markaði hérlendis í rúmlega áratug með góðum árangri.“

Áframhaldandi útrás

Fyrir fimm árum hóf AGR útrás til Danmerkur og Englands sem hefur gengið mjög vel að sögn Finns. Fyrirtækið hefur skrifstofur í Danmörku og Englandi þar sem til samans starfa átta starfsmenn. „Vaxtartækifæri okkar eru á erlendum mörkuðum næstu árin. Við seljum lausnir okkar í dag í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu með góðum árangri.“ Hann nefnir sem dæmi að dönsku stórfyrirtækin Rosendahl og BoConcept noti AGR Innkaup auk fjölmargra annarra fyrirtæja. „Kerfið er notað til að stýra stórum aðfangakeðjum, en meðal viðskiptavina eru fyrirtæki á borð við Pet Valu í Bandaríkjunum. Þeir nota kerfið okkar í níu vöruhúsum sínum og 450 verslunum. Þannig að búnaður okkar kemur víða við.“ Í sumar tók fyrirtækið þátt í spennandi samkeppni í Singapore þar sem innkaupalausn þess var valin sú besta í flokki viðskiptagreindar. Í framhaldinu var gerður þriggja ára samstarfssamningur við hugbúnaðarfyrirtæki þar í landi um endursölu á lausnum AGR. „Þetta verkefni er styrkt af hinu opinbera í Singapore. Fyrirtækið ræður fimm manns í vinnu til að læra á lausnina okkar og kynnir hana síðan á Asíumarkaði sem er gríðarlega spennandi tækifæri fyrir okkur.“

Ný vara á markað

AGR setti nýlega á markað nýja lausn sem heitir AGR Áætlanir. Um er að ræða kerfi sem tvinnar saman innkaupa- og áætlunarferli fyrirtækja. „Þetta er næsta skrefið í stýringu aðfangakeðjunnar þegar búið er að fullkomna innkaupin. Við kynntum kerfið fyrir ári síðan og nokkur fyrirtæki hérlendis eru nú þegar búin að innleiða það. Við nutum aðstoðar Tækniþróunarsjóðs við að þróa kerfi okkar en erum einnig í góðu samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Nýja kerfið opnar mikla möguleika fyrir okkur bæði hérlendis og erlendis en það býður upp á áður óþekkta möguleika við áætlanagerð fyrirtækja og er því góð viðbót við þær lausnir sem AGR býður.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s.512-5432 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

heimili FASTEIGNASALA

Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali

Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur

Ruth Einarsdóttir
sölufulltrúi

Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Glæsilegt hús í Heiðarhjalla

Eignamiðlun kynnir: Glæsilegt, vel hannað 270 fm parhús á útsýnisstað í suðurhlíðum Kópavogs.

Fallegt hús í suðurhlíðum Kópavogs.

Húsið var byggt árið 1994 en endurnýjað árið 2006 eftir teikningum Halldóru Vífilsdóttur. Lítil stúdíóíbúð er í húsinu sem hægt er að sameina aðalíbúð. Vandaðar innréttingar, gegnheilt parket á gólfum og flísar. Ljósahönnun frá Lumex. Í garði er stór timburverönd með heitum potti.

Gengið er inn í forstofu á aðalhæð. Á hæðinni er rúmgott hjónaherbergi en inn af því er sér baðherbergi. Tvö barnaherbergi eru hæðinni, þvottaherbergi og flísalagt baðherbergi með innréttingu og góðum sturtuklefa. Góður stigi er á milli hæða en á efri hæð er rúmgott eldhús með borðkrók við glugga og stórri eldaeyju. Svalir út af eldhúsi. Þá er flísalagt sjónvarpshol og rúmgóð stofa með fallegu útsýni. Af millipalli er gengið út í bakgarðinn.

Á jarðhæð er lítil íbúð og bílskúr ásamt stóru herbergi sem nýtt er af efri hæð. Sérinnganger er í íbúðina sem er ca 40 fm og skiptist í: Forstofu, flísalagða með skápum. Baðherbergi, flísalagt með sturtu. Eldhúsaðstaða með innréttingu. Inn af eldhúsi er herbergi/stofa með parketi.

Samkvæmt skráningu er birt stærð eignarinnar 268,3 fm sem skiptist í 24,0 fm bílskúr, 76,5 fm íbúðarherbergi á jarðhæð, 79,7 fm á 1.hæð (inngangshæð) og 88,1 fm á 2.hæð. Húsið var stækkað um ca 12 fm á miðhæð sem ekki er í skráningu.

Nánari upplýsingar hjá Eignamiðlun, sími 588 9090.

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Rúnar Gíslason
Lögg. fasteignasali

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi

Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða audur@fasteignasalan.is

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is Auður Kristinsdóttir

Haukur Halldórsson, hdl.
Löggiltur fasteignasali

FRÍTT VERÐMAT
HRINGDU NÚNA
820 8081
Sylvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is
RE/MAX Alpha
RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Ljósalind 10, íbúð 301 - 201 Kópavogur

Rúmgóð og falleg 92,5 m2, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Ljósalind 10 í Kópavogi. Eignin skiptist í forstofu, tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús. Íbúðinni fylgir 3,4 m2 sérgeymsla í sameign. **Eignin er nýmáluð og laus til afhendingar strax. V. 26,8 m.**

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Rauðamýri 3 - 270 Mosfellsbær

Falleg 107,4 m2, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Rauðumýri 3 í Mosfellsbæ. Fallegt útsýni. Falleg gólfefni og innréttingar. Mikil lofthæð. Tvennar svalir. **V. 23,5**

Síðumúli 1 - 108 Reykjavík

Til sölu 347 m2 skrifstofu og verslunnarhúsnæði við Síðumúla 1í Reykjavík. Frábær staðsetning með miklu auglýsingagildi á horni Síðumúla og Ármúla. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 43,5 m.**

Holtsgata 11 - 220 Hafnarfjörður
Mjög fallegt 223 m2 einbýlishús með 32,8 m2 bílskúr við Holtsgötu 11 í Hafnarfirði. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 38,9 m.**

Nýbýlavegur 98 - 200 Kópavogur
Falleg 67,5 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt 25,1 m2 bílskúr við Nýbýlaveg 98 í Kópavogi. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 21,5 m.**

Hraunbær 36 - 110 Reykjavík
Falleg og vel skipulögð 59,3 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Hraunbæ 36 í Reykjavík. Áhvílandi er ca. 13,3 m. hjá Landsbanka Íslands. **V. 15,9 m.**

Klapparhlíð - 270 Mosfellsbær
Mjög falleg 90,9 m2, 2ja herbergja íbúð með fallegu útsýni á 3. hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri við Klapparhlíð 1 í Mosfellsbæ. Falleg gólefni og innréttingar. **V. 25,5 m.**

Skálahlíð - 270 Mosfellsbær

300,3 m2 einbýlishús í byggingu við Skálahlíð 17 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 215,3 m2 íbúð ásamt 33,5 m2 þakrými undir súð og 56,3 m2 tvöföldum bílskúr. Búið er að innrétta ca. 150 m2 íbúð í austurhluta hússins, en vesturhluti hússins er ófrágenginn. **V. 39,9 m.**

Bjarkarholt 2 - 270 Mosfellsbær

Bjarkarholt 2 í Mosfellsbæ. Einbýlishúsið er 164 m2, bílskúrinn 36,8 m2 ásamt sólskála og geymslu og stendur á 3.619 m2 lóð. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 35,0 m.**

Þrastarhöfði - 270 Mosfellsbær

Glæsilegt 240,0 m2 einbýlishús á vinsælum stað í við golfvöllin í Mosfellsbæ. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Fallegur garður með stórri timburverönd. **Eignin er laus til afhendingar strax. Lækkað verð! V. 69,5**

Klapparhlíð 9 - 270 Mosfellsbær

Mjög falleg 99,3 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 26,3 m2 bílskúr við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Eignin er mjög glæsileg með fallegum gólfefnum og innréttingum með granítborðplötum. Vönduð tæki í eldhúsi og á baðherbergi. Flott útsýni. **V. 31,2 m.**

Svöluhöfði - 270 Mosfellsbær

Fallegt og vel skipulagt 209,1 m2 einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Svöluhöfða í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í fimm rúmgóð svefnherbergi, stofu, borðstofu, fallegt eldhús, þvottahús, gestasalerni, baðherbergi með sturtu og baðkari og bílskúr með geymslu. Fallegar innréttingar. Góðar timburverandir. Seljandi skoðar skipti á minna sérbýli. **V. 56,0 m.**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

SÉRBÝLI

Jónsgeisli.

Glæsilegt og vandað 266,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 29,3 fm. innbyggðum bílskúr á fallegum útsýnisstað í Grafarholtinu. Eignin er vel staðsett og nýtur mikils útsýnis frá eigninni. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Mikil lofthæð er víðast hvar í húsinu og innbyggð ljós í loftum. Ræktuð lóð með miklum veröndum. Svalir til norðvesturs út af stofum.**Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 79,0 millj.**

Asparteigur- Mosfellsbæ

Vandað 223,5 fm. parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 21,5 fm. bílskúr. Rúmgóð stofa. Borðstofa opin við eldhús. Eldhús með vönduðum innréttingum og tækjum. Sjónvarpshol. Þrjú svefnherbergi. Fataherbergi innarf hjónaherbergi. Baðherbergi, flísalagt í gólf og veggi. Timburverönd til suðvesturs með skjólveggjum. Lóð ófrágengin að framanverðu.**Verð 49,9 millj.**

Hrísholt – Garðabæ.

Fallegt 250,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað. Stórar samliggjandi stofur með frábæru útsýni yfir borgina, út á sjóinn og víðar. Sólskáli með útgangi á verönd með heitum potti. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Þrjú stór herbergi auk fjölskyldurýmis. Ræktuð lóð með hellulagðri innkeyrslu og hitalögnum. Auðvelt er að útbúa 2ja herbergja íbúð á neðri hæð hússins. **Verð 59,0 millj.**

Hamraberg.

Mikið endurnýjað 128,2 fm. parhús á tveimur hæðum með góðum afgirtum garði í rólegu og barnvænu hverfi í efra Breiðholti. Búið er að endurnýja eldhús og baðherbergi. Þrjú herbergi. Baðherbergi með hornbaðkari og sturtuklefa. Gólfhiti í allri neðri hæðinni. Garður með góðum veröndum. **Verð 37,3 millj.**

Ólafsgeisli

Stórglæsilegt og afar vandað 240,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á stórri og viðhaldslítilli hornlóð á frábærum útsýnisstað í Grafarholtinu. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing í öllum loftum. Stórar samliggjandi stofur. Hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi innaf. Húsið er klætt með íslensku líbaríti. Falleg lýsing á lóð og húsinu að utan. Arkitekt hússins er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Ellen Tyler. Fallegt útsýni úr stofum yfir golfvöllinn og borgina.**Verð 93,0 millj.**

Góðakur- Garðabæ

Glæsilegt 454,2 fm. einbýlishús á frábærri endalóð. Lóðin er 963 fm. að stærð og nýtur útsýnis til sjávar og yfir óbyggt svæði. Eignin stendur neðan við götu og við óbyggt svæði á tvo vegu. Húsið skilast í núverandi ástandi, fullfrágengið að utan og með grófjafnaðri lóð. Aðalhæð hússins er 283,4 fm. og kjallari er 170,8 fm. að stærð og með fullri lofthæð. Mögulegt er að setja glugga á kjallara. **Verð 92,0 millj.**

Steinás – Garðabæ.

Fallegt, vel skipulagt og vel staðsett 144,5 fm. einbýlishús á einni hæð auk 50,0 fm. sérstæðs bílskúrs með mikilli lofthæð. Húsið stendur á fallegum stað neðst í Ásahverfinu við opið svæði með frábæru útsýni yfir hraunið. Mjög mikil lofthæð er í stofu og eldhúsi og innfelld lýsing í loftum. Rúmgóð stofa, stórt eldhús og fjögur svefnherbergi. Risloft er yfir hluta hússins, vel manngengt og nýtist sem vinnuaðstaða. **Verð 63,0 millj.**

Suðurmýri – Seltjarnarnesi.

Fallegt 159,8 fm. einbýlishús á Seltjarnarnesi. Húsið er upphaflega byggt árið 1940, en var síðan endurbyggt og stækkað árið 2002. Við húsið var byggður bílskúr sem nú er nýttur sem íbúðarrými. Einnig var rishæð með geymslulofti byggð ofan á húsið. Eignin skiptist m.a. í rúmgóða stofu með aukinni lofthæð, borðstofu, eldhús og fimm herbergi. **Verð 48,0 millj.**

Markarflöt – Garðabæ

Fallegt og vel skipulagt 199,7 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað á sl. 5 árum. Aukin lofthæð er í öllu húsinu. Samliggjandi stofur með gólfsíðum gluggum. Þrjú herbergi og eitt herbergi innaf bílskúr. Parket nýlega slípað og lakkað. Gólfhiti. Skjólgóð steypt verönd fyrir framan húsið til suðurs. Hús að utan nýmálað. **Verð 55,0 millj.**

Leiðhamrar

Fallegt 170,0 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum/áföstum 28,6 fm. bílskúr í Grafarvogi. Eignin er vel staðsett við opið svæði á friðsælum stað í botnlangagötu. Samliggjandi borð- og setustofa, sólstofa, sjónvarpshol með útgangi á svalir og fjögur herbergi auk fata- og vinnuherbergis. Háaloft er yfir allri efri hæðinni og stórkostlegs útsýnis nýtur þaðan. Ræktuð lóð með um 40 fm. timburverönd. Hellulögð heimkeyrsla að bílskúr og göngustígar með hitalögnum. **Verð 49,9 millj.**

Haukanes – Garðabæ.

Glæsilegt og afar vel staðsett 356,4 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á Arnarnesi. Eignin er byggð árið 1985 og tekin í notkun í kringum 1990. Allar innréttingar eru vandaðar, sérsmíðaðar og massívar eikarinnréttingar. Harðviður er í öllum gluggum og útihurðum. Lóðin er 1.130 fm. eignarlóð, ræktuð og frágengin með fallegri hleðslu úr holtagrjóti. Hluti neðri hæðar er upphaflega teiknaður sem sér 3ja herbergja íbúð, en er í dag nýttur sem hluti af heildareigninni. Tvöfaldur bílskúr. Hús nýlega málað að utan. **Verð 126,0 millj.**

Móaflöt-Garðabæ

Fallegt og vel staðsett 213,6 fm. einbýlshús með 50,4 fm. innbyggðum bílskúr. Húsið var nýlega stækkað og nánast algjörlega endurnýjað hið innra. Nýtt eldhús með vönduðum tækjum, bæði baðherbergi endurnýjuð, öll gólfefni og settur gólfhiti í húsið o.fl. Fjögur svefnherbergi. Ræktuð lóð og vísar til suðurs með útsýni út í hraunið. **Verð 63,9 millj.**

4 - 6 HERB.

Vitastígur. Glæsileg 4ra herbergja íbúð

Um er að ræða húseign á 2 hæðum. Húsið er byggt árið 1974. Stærð húsnæðisins er 263,6m² stærð lóðarinnar 3.049,0m² sem er leigulóð og sameiginleg með húsunum númer 3b, 3c,og 3d samkv. Fasteignaskrá Íslands. Brunabótamat er kr.51.300.000.- og fasteignamat kr. 22.900.000.-

Húseignin er til sýnis í samráði við Sýslumannsembættið á Húsavík í síma 464 5000 og Ríkiskaup, Borgartúni 7, 105 Reykjavík í síma 530 1400. Tilboðseyðublöð liggja frammi á sama stað ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.

Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10.00 þann 6. nóvember 2012 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Boltinn á Xinu 977

– alla virka daga kl. 11 - 12

X 97.7

heimili FASTEIGNASALA

Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali

Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur

Ruth Einarsdóttir
sölufulltrúi

Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

Skeiðarvogur 1 — Verð: 13,9 m.

Góð 55,5 fm 2ja hebergja íbúð í kjallara með sérinngangi í raðhúsalengju á besta stað. Sérinngangur. Sameiginleg þvottahús á sömu hæð. Parket og flísar á gólfum. Lækkað verð.
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ 17:00-17:30. **Nánari uppl., Gústaf Adolf gustaf@heimili.is / 530-6507**

Skúlagata – 3ja herb. — Verð: 17,7 m.

Björt og vel skipulögð 3ja herbergja risíbúð við Skúlagötu í Reykjavík. Tvö herbergi og björt stofa með suðursvölum. Áhvílandi lán 15,8 m.

Maríubaugur – sérhæð.

Góð 5 herb, 140 fm sérhæð í nýlegu húsi. Þrjú svefnherbergi og tvær stofur. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Mikið útsýni af svölum. Gott skipulag, vandaðar innréttingar.
Laus til afhendingar.

Suðurlandsbraut 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **Sími** 530 6500 | **www.heimili.is**

Viltu selja?

Er með kaupendur að eftirtöldum eignum.
Um er að ræða ákveðna fjársterka kaupendur sem þegar hafa selt sínar eignir hjá fasteign.is

- Einbýli á Seltjarnarnesi óskast. Verð 60-70 millj.
- Einbýli á Seltjarnarnesi óskast. Verð 80-90 millj.
- Raðhús/parhús á Seltjarnarnesi óskast. Verð 50-60 millj.
- Lítið raðhús/parhús í Selási eða Grafarvogi óskast
- Hæð í Hlíðum eða á Teigum óskast. Verð 40-45 millj.
- Einbýli á einni hæð í Grafarvogi óskast. Verð 50-60 millj.

VIÐ BJÓÐUM

- Frítt og vandað verðmat
- Fría skráningu í helstu vefmiðlum
- Fría sýningu eigna af sölumanni
- Vandaðar ljósmyndir af eign
- Góða eftirfylgni með hverri fyrirspurn

Við erum á Facebook

Ef þú hefur áhuga og/eða vilt fá nánari upplýsingar þá vinsamlegast hafðu samband við Ólaf B.Blöndal lgf í 5-900-800 eða 6-900-811.

FASTEIGNASALAN
fasteign.is
Ólafur B. Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.
☎ 5 900 800 Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Sími 5 900 800

FOLD FASTEIGNASALA

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

Hörgatún 1 Gbæ
OPIÐ HÚS Á MORGUN ÞRIÐJUD. FRÁ 17:30-18

Hörgatún 1, Garðabæ: Ca. 329 fm. glæsilegt hús sem skiptist í hæð, og rishæð ásamt kjallara. Í dag er séríbuð á 1. hæð með 3 svefnherbergjum , rúmgóðum , stofum eldhúsi og baðherbergi og önnur íbúð á rishæð sem skiptist í tvö svefnherbergi og fataherbergi, ásamt rúmgóðum stofum, baðherbergi og eldhúsi. þvottaaðstaða og geymslur eru í kjallara. Auðvelt er að opna milli hæða, vilji fólk nýta húsið sem einbýli. Tvöfaldur bílskúr fylgir. **Verð 56,9 millj.** **OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 23.10 FRÁ KL 17:30-18.**
VERIÐ VELKOMIN!

Vesturgata 33-sérbýli
OPIÐ HÚS Á MORGUN ÞRIÐJUD. FRÁ 17:30-18

Stórglæsileg íbúð á neðri hæðum tvíbýlishúss. Á aðalhæðinni er opið rými.með mikilli lofthæð , einstaklega vel hannað eldhús með nýrri innréttingu og fallegum flísum á gólfi. Stofa og borðstofa með mikilli lofthæð og gegnheilu parketi, einnig eru þar 2 svefnherbergi með gegnheilu parketi og skáp og baðherbergi. í kjallara eru 2 herbergi, baðherbergi og hol með parketi. Fallegur sólríkur bakgarður með palli og grasflöt. **Verð 54,5 millj.** **OPIÐ HÚS Á MORGUN ÞRIÐJUD. FRÁ 17:30-18.** **Verið velkomin!**

RE/MAX Lind

Sala fasteigna í 15 ár

Hvers virði er heimilið ÞITT?

Söluverðmat og ráðgjöf án endurgjalds.
Hafðu samband í 690 3111 eða andri@remax.is

Andri Sigurðsson
690 3111
andri@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900

Starfsfólk Dacoda á góðri stundu á Segway-hjólum í ferð fyrirtækisins til Amsterdam fyrir ári.

Dacoda hefur frá upphafi þróað Dacoda CMS vefumsjónarkerfi fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Viðskiptavinir í fyrsta sæti hjá DaCoda

DaCoda er tíu ára hugbúnaðarfyrirtæki. Það byggir á traustum grunni og viðskiptavinir þess hafa flestir verið lengi í viðskiptum við fyrirtækið. Dacoda hefur þróað sitt eigið vefumsjónarkerfi sem hefur verið í notkun frá árinu 2002 og er í stöðugri þróun.

Dacoda ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun hugbúnaðarlausna fyrir innlendan og erlendan markað. Dacoda var stofnað í byrjun árs 2002 og fagnar því tíu ára afmæli sínu í ár.

Skýr stefna og traustur grunnur

„Markmið okkar hjá DaCoda hefur frá upphafi verið að vinna að hagnýtum hugbúnaðarlausnum og veita viðskiptavinum trausta og góða þjónustu," segir Júlíus Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri og annar eigenda fyrirtækisins. „Hér starfar fagfólk á öllum sviðum hugbúnaðargerðar, ráðgjafar og upplýsingatækni. Starfsmennirnir eru tíu og starfa flestir hér á Íslandi en einnig á Ítalíu og í Malasíu. Flestir þeirra hafa unnið hjá fyrirtækinu frá upphafi. Dacoda tekur þátt í verkefnum með ýmsum hætti, allt frá hugmyndavinnu að hýsingu og daglegum rekstri."

Ástþór, annar eigenda Dacoda, segir það vera á stefnuskrá fyrirtækisins að færa út kvíarnar og reyna fyrir sér í útlöndum.

Staðið af sér sveiflur

Júlíus segir hrunið hafa haft lítil áhrif á fyrirtækið og verkefnin hafi streymt inn án þess að reynt hafi verið að koma fyrirtækinu mikið á framfæri. „Eiginfjárstaða Dacoda er sterk og hefur kennitala þess verið óbreytt frá upphafi. Viðskiptavinir okkar hafa flestir verið lengi í viðskiptum við okkur og þjónustan við núverandi viðskiptavini hefur aukist mikið frá hruni. Við höfum lagt áherslu á að þjónusta þá vel."

Vefkerfi í stöðugri þróun

Dacoda hefur frá upphafi þróað Dacoda CMS sem er vefumsjónarkerfi fyrir fyrirtæki og stofnanir. Kerfið kom fyrst á markað árið 2002 og hefur frá því verið í stöðugri þróun. „Með dyggri hjálp viðskiptavina hefur okkur tekist að smíða kerfi sem er sérstaklega hannað með það að leiðarljósi að nýir notendur eigi auðvelt með að tileinka sér vinnubrögð í kerfinu. Það er þó um leið sveigjanlegt svo það hamlar ekki notendum með góða þekkingu á vefsíðugerð og forritun. Frá því sala á Dacoda CMS hófst hafa viðtökur verið vonum framar."

Annast sjálfir daglega umsýslu

Viðskiptavinir Dacoda koma úr ýmsum ólíkum geirum atvinnulífsins. Stór og smá fyrirtæki sem og margar stofnanir nota vefumsjónarkerfið með góðum árangri. „Með einföldu og þægilegu notendaviðmóti gefur Dacoda CMS viðskiptavinum okkar kost á að annast sjálfir daglega umsýslu sinna vefja. Það sem viðskiptavinir okkar eru hvað ánægðastir með er persónuleg og ábyggileg þjónusta í takt við stuttan viðbragðstíma," segir Júlíus.

Meira en vefumsjónarkerfi

„Við leggjum mikla áherslu á Dacoda CMS og almenna vefsíðugerð en að auki höfum við tekið þátt í ýmsum öðrum spennandi verkefnum. Sem dæmi má nefna öryggis- og netumsjónarkerfi fyrir bandaríska herinn, gjafakortaumsýslukerfi fyrir Landsbankann, mats- og tjónakerfi fyrir Viðlagatryggingu, smáforrit fyrir iPhone, iPad, Android og nú síðast fyrir Windows 8 og svo mætti lengi telja," segir Ástþór Ingi Pétursson, verkefnastjóri og annar eigenda fyrirtækisins.

Útrás á dagskrá

„Það er á dagskrá hjá okkur að færa út kvíarnar og við höfum verið í smávægilegri útrás til Bretlands og Norðurlandanna. Það gengur hins vegar svolítið hægt hjá okkur sökum anna á Íslandi en markið er sett hátt," segir Ástþór.

GOTT TJÁNINGARFORM

Heimasíður eru góð leið fyrir einyrkja til að koma sér og sínum hugðarefnum á framfæri. Því hafa allmargir listamenn sett upp sína eigin síðu þar sem hægt er að skoða listsköpun þeirra. Ástæða þess að einstaklingar setja upp heimasíðu getur verið mismunandi en þó alltaf til að koma á framfæri einhverjum boðskap. Rithöfundar hafa sömuleiðis nýtt sér þetta form. Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur, rithöfundur og álitsgjafi, opnaði til dæmis heimasíðu nýlega.

Alþingismenn hafa heimasíður í gegnum þingið og geta þar komið ýmsum málefnum á framfæri sem oft vekja áhuga fjölmiðla. Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, notar heimasíðu til að koma leiðurum sínum til lesanda. Vefur Jónasar trónir yfirleitt efst á lista yfir mest lesnar heimasíður.

Annað vinsælt form hjá einstaklingum er bloggið. Margir virðast hafa mikla þörf fyrir að tjá sig á bloggi. Í gegnum blogggáttina má sjá hvaða bloggsíður er mest lesnar. Þar er Jónas efstur en Egill Helgason í öðru sæti. Aðrir vinsælir bloggarar eru Ingimar Karl Helgason, Dr. Gunni, Illugi Jökulsson, Eva Hauksdóttir, Teitur Atlason og Ómar Ragnarsson.

LEIKJAFRAMLEIÐENDUR STOFNA SAMTÖK

Samtök norrænna leikjaframleiðanda voru stofnuð mánudaginn 15. október og var stofnfundurinn haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Það voru fulltrúar samtaka leikjaframleiðanda á Norðurlöndum sem skrifuðu undir stofnsamninginn. Formaður IGI (Icelandic Game Industry), Jónas Björgvin Antonsson, framkvæmdastjóri Gogogic, skrifaði undir samninginn fyrir hönd Íslands en Klaus Hansen frá The Danish Producers Association var kjörinn fyrsti formaður samtakanna. Helsta markmið samtakanna er að gæta hagsmuna norrænna leikjaframleiðanda og skapa öflugan samstarfsvettvang þessa ört vaxandi iðnaðar. Um 350 norræn leikjafyrirtæki eiga aðgang að samtökunum, þar af tíu íslensk, og er árleg velta þeirra um 500 milljónir evra. Um 4500 starfsmenn starfa hjá fyrirtækjunum en leikjaiðnaðurinn er sú atvinnugrein sem vex hraðast á Norðurlöndum. Samtökin bera heitið Nordic Game Institute og meðal fyrstu verkefna þeirra er að standa fyrir norrænni leikjaráðstefnu árlega, byggja upp viðskiptasambönd og efna til kynningar á alþjóðlegum vettvangi. Auk þess munu samtökin efna til samvinnu við annan skapandi iðnað eins og kvikmyndaiðnað, sjónvarp og tónlistariðnað.

SINCLAIR SPECTRUM SIGRAÐI HEIMINN

Margir sem eru komnir á miðjan aldur muna vel eftir Sinclair Spectrum-tölvunum. Þær voru mjög vinsælar hér á landi og einn eftirminnilegasti hluti fyrri hluta níunda áratugarins ásamt bleiku grifflunum, Duran Duran og Don Cano-úlpunum. Sinclair Spectrum-tölvan var uppfinning breska uppfinningamannsins og frumkvöðulsins Sir Clive Sinclair og framleidd af fyrirtæki hans Sinclair Research Ltd. Árið 1980 setti fyrirtækið ZX80 útgáfuna á markað sem þá kostaði 99 pund og var hún ódýrasta heimilistölvan í Bretlandi á þeim tíma. Tveimur árum seinna setti fyrirtækið ZX Spectrum á markað sem varð mest selda tölvan þar í landi og einnig í Bandaríkjunum. Helstu samkeppnisaðilar Spectrum á þeim tíma voru Commodore og Amstrad. Síðar komu Sinclair ZX81 og Sinclair ZX85 Spectrum á markað. Allar þessar tölvur áttu það sameiginlegt að vera ódýrar, tengdar við sjónvarp og hægt var að nota kassettutæki til að hlaða forritin inn á tölvuna. Tölvan sjálf var lítil og nett með gúmmílyklaborði sem fæstir mundu sætta sig við í dag. Til að hlaða niður leik þurfti að nota kassettu, stundum báðar hliðar, og gat ferlið tekið langan tíma ef miðað er við tölvuleiki dagsins í dag.

Sérhæfðir í alhliða viðskiptahugbúnaði

Viðskiptagreind/Wise Analyser og Wise Cubes. Kerfið er sett upp á mínútum og fullkomið vöruhús gagna á örfáum tímum í stað vikna og mánaða áður. Leikur einn.

Ef þú ert með Microsoft Dynamics NAV getur þú nú farið á www.wise.is og sótt Wise Analyzer til reynslu og sett það upp á nokkrum mínútum. Eina skilyrðið er að NAV sé í útgáfu 4.X eða nýrra og keyrir á SQL gagnagrunni. Þá ertu kominn með Wise sérlausnir Maritech á sviði viðskiptagreindar sem veita fjölbreytta möguleika á að fylgjast með og greina upplýsingar fyrir stjórnendur á rauntíma. Um er að ræða sérhannað umhverfi fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga.

Með Wise Analyser ertu kominn með fullkomna BI-lausn sem dugar minni og meðalstórum fyrirtækjum fullkomlega þar sem greining fjárhags, viðskipta, lánardrottna, birgja og birgða verður leikur einn. Um er að ræða staðlað úttak sem notandi getur breytt og aðlagað, gert að sínu, vistað og miðlað upplýsingum til allra í fyrirtækinu.

Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri sölu og markaðssviðs hjá Maritech til vinstri, og Stefán Torfi Höskuldsson fagstjóri.

Laun kynja:Sýnir meðaltal heildarmánaðarlauna kynja innan fyrirtækis eftir mánuðum.



Veikindi: Sýnir fjölda unna tíma vs veikindatíma hjá þeim starfsmönnum sem eru með hæstu skráða veikindatímana eftir mánuðum.

Sérlausnir

Ef um er að ræða stærri fyrirtæki, með stóra grunna og mikið magn upplýsinga, þá eru settir upp Wise-teningar, sem er einnig fullkomið vöruhús gagna. Þar getur þú fengið fjárhags-, viðskipta-, lánardrottna-, birgða-, forða- og verkteninga sem keyra í sama umhverfi. Auk þessa bjóðum við teninga fyrir sérlausnir okkar s.s. WiseFish, flutningakerfi, bifreiðakerfi og fleira og fleira.

Einnig er hægt að fá SSRS-skýrslur, safn tilbúinna skýrslna eða sérsmíðaða sem hægt er að setja í áskrift eða keyra þegar hentar. Þessar skýrslur eru notaðar þar sem þarf til dæmis áminningar, upplýsingar um nýtingu, framlegð eða annað sem á að senda sjálfvirkt á ákveðna aðila á fyrirfram skilgreindum tímum.

Viðbætur

Síðast en ekki síst má nefna „plugin“ eða viðbætur við Wise Analyzer. Með þeim geta notendur bætt sjálfir við ýmiss konar greiningum, annað hvort sérsmíðuðum eða þá stöðluðum greiningum eins og launagreiningu og/eða WiseFish-greiningum.

Fyrir tuttugu árum höfðu einungis stærstu fyrirtækin efni á tölvu eða bókhaldshugbúnaði, í dag allir, stórir sem smáir í rekstri.

Fyrir fimm árum höfðu einungis stærstu fyrirtækin efni á lausnum eins og hér er lýst, í flest fyrirtæki, bæði minni og miðlungs, vegna þess hversu ódýrt og auðvelt er að innleiða Wise Analyzer. Wise-lausnirnar vinna jafnt á raungögnum sem og OLAP-teningum þar sem vöruhús gagna er millilag og auðvelda ákvarðanatöku, ásamt því að veita betri yfirsýn yfir reksturinn.

Lausnirnar eru í kunnuglegu umhverfi og aðgengilegar fyrir notendur.

Í fararbroddi

Maritech er söluaðili Microsoft Dynamics NAV á Íslandi og er í fararbroddi í upplýsingatækni með sérstaka áherslu á bókhald, ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingu hugbúnaðar ásamt öflugri og persónulegri þjónustu. Kerfi Maritech eru í notkun hjá mörgum af stærri fyrirtækjum landsins.

Maritech býður staðlaðar Microsoft Dynamics NAV lausnir auk fjölda sérlausna fyrir íslenskan og alþjóðlegan markað. Maritech hefur sérhæft sig í viðskiptahugbúnaði á sviði fjármála, verslunar, sérfræðiþjónustu, sveitarfélaga, sjávarútvegs og flutninga. Maritech hefur einnig þróað lausnir byggðar á öðrum Microsoft vörum s.s Microsoft Dynamics CRM, SharePoint, Microsoft SQL og Reporting Services.

Fjöldi viðurkenninga

Maritech hefur áratuga reynslu á markaði og í að þjónusta stóran hóp viðskiptavina af öllum stærðargráðum. Maritech er einn öflugasti söluaðili á Microsoft Dynamics NAV-viðskiptahugbúnaðinum á Íslandi og hefur hlotið fjölda viðurkenninga frá Microsoft fyrir starfsemi sína þar á meðal samstarfsaðili ársins hjá Microsoft árin 2010 og 2011 og Fyrirmyndarfyrirtæki VR síðastliðið ár.

EFTIRSÓTT HÖNNUN

FALLEGT Skandinavísk hönnun hefur alltaf þótt eftirsóknarverð. Vinsældir hennar hafa þó aukist til muna á undanförnum árum, sérstaklega hjá ungu fólki. Vörumerki eins og littala frá Finnlandi sést orðið víða. Reyndar voru

þær vörur afar vinsælar á sjöunda og áttunda áratug síðust aldar en vinsældirnar dvínuðu síðan um tíma. Annað norrænt merki, Bang & Olufsen, hefur aldrei farið úr tísku. Það þykir bera vott um smekkvísi og góðan efnahag að velja það merki. Skandinavísk hönnun kom fyrst fram árið 1950. Hönnunin átti það sammerkt að einkennast af einfaldleika þótt hún hefði glæsilegt yfirbragð. Í fyrstu var reynt að hafa hönnunina á viðráðanlegu verði fyrir alla með lágmarks framleiðslukostnaði. Hún hefur þróast yfir í að vera bæði vönduð og dýr.

Þessi norræna hönnun hefur með árunum orðið umfjöllunarefni helstu arkitekta og fræðimanna þegar fjallað er um afbragðs hönnun. Fyrir utan

ofantöld fræg Skandinavísk vörumerki má nefna, Arabia frá Finnlandi, Electrolux frá Svíþjóð, IKEA frá Svíþjóð, Georg Jensen frá Danmörku, Marimekko frá Finnlandi, Royal Copenhagen frá Danmörku og Orrefors frá Svíþjóð. Fatamerki hafa sömuleiðis náð miklum vinsældum og má þar nefna H&M og Filippa K svo einhverjir séu nefndir.

Þá eru ótaldir gamlir meistarar á borð við Arne Jacobsen og Alvar Aalto og svo einhverjir séu nefndir.

VÍK PRJÓNSDÓTTIR Í KARRUSEL

VÖRUR FRÁ VÍK PRJÓNS Í SKANDINAVÍU

Vörur Víkur Prjónsdóttur eru nú fáanlegar í verslununni Karrusel í Kaupmannahöfn en Karrusel var stofnuð fyrr á þessu ári af Sigríði Ellu Jónsdóttur, Kristínu Kristjánsdóttur og Hrafnhildi Guðrúnardóttur. Þá stendur yfir sýningin Smart Process í Helsinki þar sem Vík Prjónsdóttir er meðal þátttakenda og sýnir værðarvoðir og trefla.

Glæsilegar innréttingar á tilboðsverði

kitchn®
HREINT OG KLÁRT

Fataskápar og sérsmíði



Baðherbergi

Skóhillur



Vandaðar hillur

Pottaskápar

Þvottahúsinnréttingar

Við sníðum innréttinguna að þínum óskum. Þú getur fengið skúffur og útdregin tauborð undir vélarnar, einnig útdreginn óhreinatausskáp, kústaskáp o.m.fl .

NÚ ER LAG AÐ GERA GÓÐ KAUP

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM Í OKTÓBER

KOMDU MEÐ MÁLIN og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð

VIÐ KOMUM HEIM TIL ÞÍN, tökum mál og ráðleggjum um val innréttingar.

ÞÚ VELUR að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, samsetta, eða samsetta og uppsetta.

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI Þú nýtur þekkingar og reynslu og fyrsta flokks þjónustu.

VÖNDUÐ RAFTÆKI Á VÆGU VERÐI

ÁBYRGÐ - ÞJÓNUSTA
5 ár á innréttingum, 2 ár á raftækjum.
Fríform annast alla þjónustu.
(Trésmíðaverkstæði, raftækjaviðgerðaverkstæði).

RAFTÆKI FYRIR ELDHÚSIÐ



Helluborð

Ofnar

ELBA

scan

Háfar

Viftur

Uppþvottavélar

SNAIGE

Kæliskápar

friform.is
Mán. - föst. kl. 10-18 · Laugardaga kl. 11-16

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

BÍLAR & FARATÆKI

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

TOYOTA Land cruiser 100 VX. Árg 2001, ekinn 192 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.6 millj. Rnr.104591.

bifreidar.is
Réttarháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
http://www.bifreidar.is

Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Okkur vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu til okkar eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Tilboð á Nissan Leaf rafbílum. Voru niðurgreiddir í USA með skattaívilnunum. Frá Kr. 3.500.000 heimkominn með niðurfellingu tolla+VSK sem fæst tímabundið. Orkuveitan byrjuð að setja upp hraðhleðslustaurana í Reykjavík með ókeypis áfyllingu á rafbíla! Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar. Ódýrari nýjir og notaðir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Islandus.is - S. 5522000

Opel Safir 2000 silvur lituð. Km.193 þús. Ný tímareim. Verð 400.000. Uppl. í s. 659 3974.

Sparneytinn
VW Polo árg. 04, vel með farinn, ek. 105þ., bsk, Staðgreitt 530þ. Uppl. í s. 534-8555.

Skráðu bílinn frítt, 25% afsláttur Mikil eftirspurn. www.netbilar.is sími 588-5300 eða kíktu við í Hlíðasmára 2.

Jeppar

MMC Pajero árg. ,98 ek. 260þ. 33" dekk nýr rafgeymir,vatnskassi,hedd og turbina. Verð 950þ, ATH skipti á USA jeppa. S. 895-7496.

Sendibílar

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólbarðar

Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

Varahlutavaktin
Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

VW - Skoda - Varahlutir
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partalistinn.is
NÝR VEFUR - Skráðu varahluti til sölu Ókeypis skráning - fyrir alla / alltaf

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-'99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98. Kia Rio ,02. Benz 230E ,97. Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Smápartar.is
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavia árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Japanskar vélar Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Viðgerðir

AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Málarar

Málningarþjónusta Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Málarameistari
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Garðyrkja

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is



Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 866 5039. Irena Kontulová.

Spádómar

Spásíminn 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu

Lok á heita potta og hitaveituskeljar.
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

Hrekkjavakan nálgast ertu klár?
Búningar, fylgihlutir og skraut í úrvali. Mættu á svæðið eða skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar www.hokuspokus.is sendum um allt land. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.

Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is ,S:566 6000

Landins mesta úrval af viftum og blásurum. Tilboðsverð. Íshúsið ehf, www.ishusid.is S:566 6000

Óskast keypt

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

Verð frá 990 - 5990 kr
Opið virka daga frá 14:00 - 19:00 og laugardaga 12:00 - 16:00. Peysur, bolir, jakkar, buxur, húfur, kjólar, útivistarfatnaður ofl.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Lífrænu húð- og snyrtivörurnar frá Green People
Húð- og snyrtivörurnar frá Green People eru lífrænt vottaðar og eru því án allra aukaefna. Vörurnar hafa jafnframt unnið til fjölda verðlauna. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

NUDD OG HEILSA
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Dýrahald



Australian Shepherd hvolpar til sölu. Afhendast í byrjun nóv., heilsufarsskoðaðir með ættbók. Möguleiki á visa raðgr. Allar upplýsingar um gotið á www.vikurkennel.com eða í síma 894 6611.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

Stór herb. með húsgögnum, sér baðherb. og sameiginlegu fullbúnu eldhúsi til leigu í Hafnarfirði. S. 692 5105 og 899 7004.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Atvinnuhúsnæði

51,6 m2 iðnaðarbil
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Skammtímaleiga/Miðbær
70 fm verslunarhúsnæði á götuhæð til skammtímaleigu á Skólavörðustíg 22a. Í 2-6 má, frá 1. nóv. Uppl. í s. 691 1963.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Geymi tjaldvagna, fellihýsi og búslóðir.
Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 15 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir: Geymsla Ásgeirs Eiríkssonar ehf. Uppl. 897 1731 klettar@heimsnet.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Kaffihús, Bakarí
Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslusstörf virka daga í Suðurveri, vinnutími alla virka daga frá 10-19 og 13-19. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is

Drive in / Wilsons express leitar af fólki í eftirfarandi stöður:
-Afgreiðslu í lúgu

-Pizzubakara

-Pizzusendla

-Símsvörun.

Um er að ræða fullt og hlutastarf.
Vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á: atvinna@wilsons.is og takið fram hvaða starf og starfshlutfall er sótt um.

Óskum eftir vönum manni á dekkjaverkstæði okkar. Aðeins stundvís og áreiðanlegur starfsmaður kemur til greina. Umsóknir óskast sendar á radning@vdo.is

Starfsmaður óskast á hjólbarðaverkstæði í Kópavogi Helst vanur. Uppl. Í s. 820 1070.

Lebowski bar
Vegna mikilli anna óskar Lebowski bar eftir kokki í fulla vinnu og aðstoðarmanni. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s: 822 6160, Stefán.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.

Karlmaður óskar eftir atvinnu. Upplýsingar í síma 848-9096 kl 15-18.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Til sölu

krossgáta



LÁRÉTT
2. steypuefni, **6.** munni, **8.** hlé, **9.** kvk. nafn, **11.** holskrúfa, **12.** flatfótur, **14.** kvk nafn, **16.** skóli, **17.** innanfita í dýrum, **18.** andi, **20.** tveir eins, **21.** tangi.

LÓÐRÉTT
1. ögn, **3.** gangflötur, **4.** forskot, **5.** arinn, **7.** land í Evrópu, **10.** flýtir, **13.** angan, **15.** illgresi, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. gíris, **6.** op, **8.** lot, **9.** lóa, **11.** ró, **12.** ilsig, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mör, **18.** önd, **20.** ff, **21.** oddi.
LÓÐRÉTT: 1. moli, **3.** il, **4.** forgjöf, **5.** stó, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** arfi, **16.** móo, **19.** dd.

Karlarnir á blæjubílunum

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Ég hef aðeins einu sinni verið útilokaður frá allri umræðu á Azahara kránni í bænum Priego de Cordoba á Suður-Spáni. Sú reynsla olli mér reyndar miklum vangaveltum um lífsins gang.

ÞAÐ kvöld hafði ég komið til að leita félagsskapar en svo illa vildi til að Pedro barþjónn var að fylla á kæliskápana og hann því í engum umræðuham. Aðeins einn kúnni sat við barborðið en fljótlega eftir að ég tyllti mér niður kom annar ölþyrstur til viðbótar. Ég sat á milli þessara kauða og hugðist nú eggja þá til eldheitra þjóðfélagsumræðna. Ég bar upp hið ögrandi umræðuefni um sjálfstæðisbrölt Katalana en þá litu þessir ölbræður hvor á annan og hófu svo gagnkvæmar yfirheyrslur sem komu mér algjörlega í opna skjöldu.

HVENÆR tókst þú blæjuna af þínum? Ertu búinn að setja hana upp aftur? Hvenær fórstu síðast með þinn í skoðun? Hvað eyðir þinn miklu? Eftir spurningar á við þessar áttaði ég mig á því hvað sameinaði þessa menn. Þeir eiga líklegast einu en allavega fallegustu blæjubílana í bænum. Ég er reyndar slíkur bílaböðull að ég æski einskis af skrjóð mínum annars en að hann færi mig á áfangastað auk þess sem ég legg ríka áherslu á að geislaspilarinn sé í lagi. Ég var því ekki tekinn gjaldgengur í spekingslegar umræður um þessi hégómlegu farartæki sem ég hafði reyndar oft séð bera þá um bæinn með blaktandi hárlubbann líkt og prinsar í skrúðgöngu.

ÉG FÓR að velta því fyrir mér að í raun væri það alveg með ólíkindum að svona staða hefði ekki komið oftar upp á Azahara en þar er fólkið alla jafna frá ólíkustu föðurhúsum og á oft fátt annað sameiginlegt en löngunina til brjóstbirtu. Þarna hittir maður bændur, verkfræðinga og kennara og þarna hitti ég reglulega múslíma nokkra innan um alla kaþólikkana og reyndar eru þarna mótmælendur sjáanlegir líka. Allt er þetta fólk að tala saman í mesta bróðerni um hin ýmsu mál sem brenna á þeim. Aldrei virðist koma babb í bátinn í þessum fjölbreytilega hópi þó sumir eigi eitthvað sem aðra skortir áhuga á og efni til að eignast.

ÉG ÞAGÐI þetta kvöld og lét blæjubílaþrugliið lenda á mér meðan ég velti því fyrir mér hversu skrítnu hlutir geta sameinað menn. Stundum eru það ánægjan yfir því að eiga blæjubíl en stundum vissan um að öll eigum við sama skaparann og einu skipti hvort hann sé með blæju eða ekki.

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Overli



Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes



Barnalán
Eftir Kirkman/Scott

Bækur ★★☆☆☆

Listasafnið

Sigrún Eldjárn

Mál og menning



Furður veraldar í nútímaheimi

Listasafnið eftir Sigrúnu Eldjárn er lokabókin í þríleik sem segir frá Rúnari sem flytur til smáþorpsins Ásgarðs þegar faðir hans er skipaður nýr safnstjóri. Í húsinu úir og grúir af ýmiss konar undrum og furðugripum og tekin er sú ákvörðun að stofna þrjú ný söfn, forngripasafn, náttúrugripasafn og listasafn. Í fyrstu tveimur bókum þríleiksins er sagt frá stofnun forngripa- og náttúrugripasafnsins og nú í seinustu bókinni er komið að því að stofna listasafn Ásgarðs á efstu hæð safnahússins.

Safnið í Ásgarði er svokallað Wunderkammern, söfnin sem stæðilegir greifar og hertogar viðuðu að sér á sautjándu öldinni, öld landafundanna þegar Evrópumenn sigldu alla heimskringluna og sönkuðu að sér furðugripum, furðufólki og furðulöndunum sjálfum. Furðugripir Wunderkammern eru nú löngu horfnir inn í safnkost risastórra nútímasafna en í þessum bókaflokki gegna þeir aðalhlutverki. Sigrún leikur sér með hugmyndir hvernig við skiljum og skilgreinum heiminn, hvort að undur veraldar hverfi þegar furðugripir eru skrásettir og flokkaðir niður í mismunandi deildir fræðigreinanna.

Og Sigrún gerir þetta afskaplega skemmtilega. Ásgarður er smáheimur, þar sem nútíminn – og umheimurinn – hefur innreið sína. Óskipulagður glundroði fortíðarinnar er vandlega flokkaður samkvæmt nútímavísindareglum og þorpsbúar kynnast nýjum hugmyndum þegar söfnin laða að sér erlenda gesti. Og ólíkt afdrifum Wunderkammern í heimi rökhyggjunnar, þá hverfa furður veraldar ekki úr Ásgarði þrátt fyrir innreið nútímans. Í fyrstu bókinni, Forngripasafninu, vaknar draugastelpan Gunnhildur til lífsins, í Náttúrugripasafninu kynnumst við flokki dverga sem býr nágrenninu og í þessari seinustu bók sleppur lítill dreki út úr einu listaverkinu og vekur til lífsins eldfjall sem spúir eldstungum og ösku yfir þorpið.

Að þessu sögðu, þá er Listasafnið lakasta bók þríleiksins. Sagan er vel skrifuð, en lesendur geta engan veginn notið hennar án þess að hafa lesið bækurnar sem á undan hafa komið. Söguhetjur eru illa kynntar og sagan er ekki nægilega vel uppbyggð til að geta haldið utan um allan þann fjölda persóna sem birtast á blaðsíðum bókarinnar. Sögumenn eru alltof margir og Sigrún, ólíkt í fyrri tveim bókunum, fléttar söguþráðinn ekki í kringum eitt, skýrt ævintýri. Rúnar og vinir hans, systkinin Magga og Lilli, voru aðalsöguhetjurnar í fyrstu tveim bókunum en í þessari bók hverfa þau inn í fjöldann.

Hver veit, kannski getum við sagt að ringulreiðin og glundroðinn í sögunni séu viðeigandi endalok bókaflokks sem sýnir börnum að heimurinn okkar er enn undursamlegur, að furður veraldar hverfi ekki þótt við beitum á þau hávísindalegum flokkunarkenningum og skrásetningarreglum. Og þó – það er erfitt að dæma framhaldsbók sem er óskiljanleg án þess að hafi lesið þær sem á undan komu. Ég er mjög hrifin af bókaflokki Sigrúnar þegar á heildina er litið og myndi gefa honum fjórar stjörnur, en ein og sér fær Listasafnið aðeins tvær.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir

Niðurstaða: : Hressilegur lokakafli í ævintýralegum þríleik um furður veraldar í nútímaheimi. Flókinn söguþráður og illskiljanlegur fyrir lesendur sem ekki hafa lesið fyrstu bækur bókaflokksins.

ON MISUNDERSTANDING Margrét Bjarnadóttir opnar ljósmyndasýningu.

Framlengir líkamann

Margrét Bjarnadóttir opnaði sína fyrstu ljósmyndasýningu á Mokka á föstudag. Sýningin heitir No Misunderstanding og samanstendur af sextán ljósmyndum sem Margrét hefur tekið síðustu mánuði. Titill og inntak sýningarinnar vísar til samnefnds sviðsverks sem sýnt var í Kassanum í desember á síðasta ári.

Við gerð myndanna notaði Margrét meðal annars spegla sem framlengingu á líkamanum og möguleikum hans.

Sýningin stendur til 29. október og er opin daglega frá 9 til 18.30.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Mánudagur 22. október 2012

Umræður

20.00 Ólöf Örvarsdóttir og Sigurbjörn Kjartansson hafa umsókn með Mánudagsspjalli og spekúlasjónum um verkefnið Borg fyrir fólk í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Tónlist

21.00 Rusty Anderson og félagar skemmta á Café Rosenberg.

Fyrirlestrar

12.00 Hafliði Sævarsson, viðskipta og menningarfulltrúi íslenska sendiráðsins í Peking heldur fyrirlestur í stofu L-101 í Lögbergi Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn fjallar um fjölgun ferðamanna til Íslands frá Kína og er öllum opinn.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Hið virta sænska neytendablað Råd & Rön gerði fyrir stuttu úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og lagði mat sitt á þær. Siemens uppþvottavélin SN45M205SK* kom þar einstaklega vel út og hlaut 1. sætið. Hún þykir þvo og þurrka á sérlega skilvirkan og áhrifaríkan hátt (Råd & Rön, apríl 2012). Matið var byggt á nokkrum þáttum, m.a. hve vel vélin þvær óhreint leirtau, þvottatíma, þurrkun, orkunotkun, vatnsnotkun og hversu hátt heyrist í henni. Þessi uppþvottavél er í **ecoPLUS**-flokknum hjá Siemens, en í honum eru aðeins mjög sparneytin heimilistæki. Og sigurgangan heldur áfram. Í maí lenti vélin einnig í 1. sæti hjá danska neytendablaðinu Tænk.

**Einnig fáanleg í stáli.*

Smith & Norland er rótgróið fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og býður vandaðar vörur á góðum kjörum. Umboðsmenn um allt land.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

SVART OG HVÍTT Vinkonurnar Þórdís, Sonja Björk, Sunneva og Anna Þyrí klæddu sig samkvæmt reglunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FÖGNUÐU BOND

Sérstök Bond-veisla fór fram á skemmtistaðnum Austri á föstudag. Tilefni veislunnar var frumsýning kvikmyndarinnar Skyfall sem er 23. myndin um njósnarann James Bond. Veislugestir mættu í sínu fínasta pússi enda voru litirnir svartur og hvítur þema veislunnar.

SKEMMTU SÉR VEL Lovísa og Guðrún virtust skemmta sér vel í veislunni.

GÓÐIR FÉLAGAR Jón Gunnar Geirdal, eigandi Ysland, og útvarpsmaðurinn Svali voru á meðal gesta.

FJÖLSKYLDUSVIPUR Bræðurnir Rúnar og Garðar Gunnlaugssynir mættu í sínu fínasta pússi.

BROSMILD Bjarki og Rauan stilltu sér brosandi upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.

GÓÐIR GESTIR Þær Kristín Rut og Guðný Lára skemmtu sér vel í Bond-veislunni.

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 3.40 - 5.50		L
LOVE IS ALL YOU NEED KL. 5.30 - 8 - 10.30		L
LOVE IS ALL YOU NEED LÚXUS KL. 5.30		L
FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL KL. 3.30		L
TAKEN 2 KL. 5.40 - 8 - 10.10		16
TAKEN 2 LÚXUS KL. 8 - 10.10		16
DJÚPIÐ KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10		10
DREDD 3D ÓTEXTUÐ KL. 10.20		16
ÁVAXTAKARFAN KL. 3.30		L
THE EXPENDABLES 2 KL. 8		16

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

BEASTS OF THE SOUTHERN WILD KL. 5.50 - 8		12
TAKEN 2 KL. 10.10		16
LOVE IS ALL YOU NEED KL. 5.30 - 8 - 10.30		L
DJÚPIÐ KL. 5.50 - 8 - 10.10		10
THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 5.50		10
INTOUCHABLES KL. 8 - 10.30		L

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

LOVE IS ALL YOU NEED KL. 8 - 10.10		L
SEVEN PSYCHOPATHS KL. 5.50		16
DJÚPIÐ KL. 6		10
TAKEN 2 KL. 8 - 10		16

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is

Meryl Streep og Tommy Lee Jones eru frábær í þessari rómantísku gamanmynd



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

FRANKENWEENIE Sýnd í 3D Ísl. texti	KL. 6 - 8 - 10	7
HOPE SPRINGS	KL. 5:50 - 8 - 10:10	L
END OF WATCH	KL. 5:50 - 8 - 10:20	16
END OF WATCH Luxus VIP	KL. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
LOOPER	KL. 10	16
SAVAGES	KL. 8	16
LEITIN AÐ NEMÓ M/ísl. tali	KL. 5:50	L
THE CAMPAIGN	KL. 8	12
THE BOURNE LEGACY	KL. 10:40	12
BRAVE M/ísl. tali	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

HOPE SPRINGS	KL. 8 - 10:20	L
FRANKENWEENIE Sýnd í 3D Ísl. texti	KL. 8	7
TAKEN2	KL. 10	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

HOPE SPRINGS	KL. 5:40 - 8 - 10:20	L
FRANKENWEENIE Sýnd í 3D Ísl. texti	KL. 2 - 4 - 6 - 8	7
END OF WATCH	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
LOOPER	KL. 8 - 10:30	16
LAWLESS	KL. 10	16
BRAVE M/ísl. tali	KL. 1:30 - 3:30 - 5:40	L
LEITIN AÐ NEMÓ M/ísl. tali	KL. 1:30 - 3:30	L
MADAGASCAR 3 M/ísl. tali	KL. 1:30 - 3:40	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

HOPE SPRINGS	KL. 5:50 - 8 - 10:10	L
END OF WATCH	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
LOOPER	KL. 8	16
LAWLESS	KL. 10:30	16
BRAVE M/ísl. tali	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

HOPE SPRINGS	KL. 8 - 10:20	L
FRANKENWEENIE Sýnd í 3D Ísl. texti	KL. 6	7
END OF WATCH	KL. 8	16
LOOPER	KL. 10:20	16
BRAVE M/ísl. tali	KL. 6	L

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%



LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

TEDDI LANDKÖNNUÐUR 3D	6	L
SEVEN PSYCHOPATHS	8, 10.20	16
TAKEN 2	8, 10	16
DJÚPIÐ	6, 8, 10	10
PARANORMAN 3D	6	7

LYFJA – Lifið heil www.lyfja.is

+15% afsláttur

Strepsils jarðarberja

Áður: ~~1.299 kr.~~ Nú: 1.099 kr.

Gildir í október 2012.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA SÍA.IS / LYF 61246 09/12

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS



MÁNUDAGUR: 2 DAYS IN NEW YORK (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SUNDIÐ (L) 18:00, 20:00 ■ HREINT HJARTA (L) 18:00, 20:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00, 22:00 ■ COMBAT GIRLS (16) (STRÍÐSSTELPUR) 22:00 ■ A SEPARATION (L) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:20

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

VEISLU-VIKA

16.-22. október

10 kjúklingabitar, stór skammtur af frönskum & 2 lítra gos

3.290 kr.

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS

PIPAR\TBWA - SÍA - 122880

sport

sport@frettabladid.is

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN skoraði mark Cercle Brugge í 2-1 tapi liðsins fyrir Mechelen í belgísku úrvalsdeildinni um helgina. Þetta var hans fyrsti leikur í byrjunarliði og annað mark í jafnmörgum leikjum en Eiður gekk til liðs við félagið fyrr í mánuðinum. Cercle Brugge er þó neðst í deildinni með fjögur stig.

Ég vil spila í öllum leikjum

Helgi Valur Daníelsson missti af báðum landsleikjum Íslands fyrr í mánuðinum vegna veikinda. Hann þurfti að gista á sjúkrahúsi í Albaníu en hefur náð sér á fullu. Helgi Valur stefnir á að endurheimta sæti sitt í íslenska landsliðinu.

FÓTBOLTI Helgi Valur Daníelsson hefur verið fastamaður í landsliði Lars Lagerbäck en missti af síðustu tveimur leikjum vegna veikinda. Hann fór með liðinu til Albaníu en var kominn með hita strax við komuna til Tírana. Eftir leikinn fór hann aftur til síns heima í Svíþjóð og náði sér fljótt og vel.

„Það er reyndar ekki vitað nákvæmlega hvað var að hrjá mig," segir Helgi Valur við Fréttablaðið. „Það var engin niðurstaða sem fékkst úr öllum þeim rannsóknum sem gerðar voru og talið líklegast að þetta hafi verið einhvers konar vírussýking. Það er ekki talið að þetta hafi verið neitt hættulegt þó svo að það sé vissulega óþægilegt að vita ekki hvað þetta var."

Aldrei fundið fyrir öðru eins

Helgi Valur segir að hann hafi veikst nokkuð illa aðfaranótt fimmtudags en leikur Íslands gegn Albaníu fór fram á föstudeginum. „Ég vaknaði með svakalegan hausverk og verk fyrir brjóstinu. Ég hef aldrei fundið fyrir öðru eins áður. Ég gisti því á sjúkrahúsinu næstu nótt og var betri daginn eftir."

Þegar íslenska liðið hélt heim á leið til þess að spila við Sviss á Laugardalsvellinum hélt Helgi Valur aftur til síns heima. Ísland tapaði leiknum, 2-0, og var einnig án Arons Einars Gunnarssonar sem tók út leikbann. Þeir spiluðu saman á miðju Íslands í fyrstu tveimur leikjum liðsins í undankeppni HM 2014 með ágætum árangri.

„Það er alltaf svekkjandi að missa af leikjum en það er lítið við því að gera þegar maður veikist," segir hann. „Það er langt í næsta keppnisleik með landsliðinu og margir leikmenn sem banka á dyrnar. Það eina sem ég get gert er að standa mig með mínu félagsliði fram að næsta leik."

Síðan Lagerbäck tók við íslenska landsliðinu hefur Helgi Valur verið valinn reglulega og notið trausts landsliðsþjálfarans.

„Maður er í raun enn svekktari fyrir vikið því mér finnst ég í fyrsta sinn vera í mikilvægu hlutverki í landsliðinu. Ég hef fengið traust frá þjálfaranum og vil auðvitað taka þátt í flestum leikjum. Maður vill auðvitað ekki tapa sætinu sínu."

HELGI VALUR Fagnar hér marki í leik með sænska liðinu AIK. NORDICPHOTOS/GETTY

Helgi Valur hefur spilað í Svíþjóð í sex ár og neitar því ekki að það hafi ef til vill hjálpað til að landsliðsþjálfarinn sé sænskur og vel að sér í sænska boltanum.

Ari Freyr í miklum metum

„Hann fylgist auðvitað vel með öllum leikmönnum. Það getur þó verið að hann horfi á sænsku deildina aðeins öðruvísi augum en margir Íslendingar enda hefur hann tekið leikmenn þaðan sem hlutu ekki náð fyrir augum fyrri þjálfara, eins og Ara Frey [Skúlason] sem hefur þó verið í miklum metum hér úti í mörg ár," segir Helgi Valur.

Ísland mætir næst Andorra í æfingaleik ytra þann 14. nóvember næstkomandi en næsti leikur í undankeppni HM 2014 verður gegn Slóveníu í mars á næsta ári.

eirikur@frettabladid.is

HINGAÐ OG EKKI LENGRA Daði Laxdal Gautason fékk óblíðar viðtökur hjá Haukavörninni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

N1-deild karla í handbolta:

Haukar ósigraðir á toppnum

HANDBOLTI Haukar héldu sigurgöngu sinni í N1-deild karla áfram í gær þegar liðið vann nokkuð þægilegan fimm marka sigur á Valsmönnum, 28-23. Haukar höfðu frumkvæðið allan leikinn þótt ungt Valslið hefði ekki játað sig sigrað fyrr en lokaflautið gall.

„Ef þú greinir liðið sem við erum með þá eru margir að stíga sín fyrstu skref í fullorðinsbolta," sagði Patrekur Jóhannsson, þjálfari Vals, sem situr í 6. sæti deildarinnar með þrjú stig. Á toppnum tróna Haukamenn með níu stig af tíu mögulegum.

„Nei, ég hafði aldrei áhyggjur en var þó aldrei rólegur. Maður verður að halda mönnum á tánum og mér fannst menn vera að berjast fyrir þessu," sagði Aron Kristjánsson þjálfari Hauka. - ktd

Evrópukeppnin um helgina:

Stórsigrar Valskvenna á Spáni

HANDBOLTI Valur tryggði sér sæti í 3. umferð EHF-bikarkeppni kvenna með því að vinna spænska liðið Valencia Aicequip örugglega í tveimur leikjum um helgina. Valur vann samanlagt, 64-47, og skoraði Þorgerður Anna Atladóttir flest mörk Valskvenna eða fimmtán talsins í leikjunum tveimur.

Valur mætir næst rúmenska liðinu HC Zalau og fara leikirnir fram um miðjan nóvember.

Karlalið HK og kvennalið Fram eru hins vegar úr leik í EHF-keppninni. Fram vann Tertnes IL frá Noregi í gær en tapaði samanlagt. - esá

Aftur í þýska boltann?

Ólafur orðaður við Essen

HANDBOLTI Forráðamenn þýska úrvalsdeildarfélagsins Tusem Essen eru sagðir afar áhugasamir um að fá Ólaf Stefánsson til liðs við félagið. Hann staðfesti á dögunum að hann væri hættur að spila með íslenska landsliðinu en hann er nú án félags eftir að AG fór á hausinn nú í sumar.

Fullyrt er í dönskum og þýskum fjölmiðlum að Ólafur hafi áhuga á að koma sér að hjá félagsliði og er Maik Handschke, þjálfari Essen, sagður vilja gjarnan fá kappann til sín.

„Það væri draumi líkast fyrir alla leikmenn að fá slíkan leikmann til félagsins," sagði Fabian Böhm, einn leikmanna Essen, við þýska fjölmiðla. „Það væri í raun ólýsanlegt." - esá

Edin Dzeko og Juan Mata stálu senunni í sigrum liða sinna um helgina:

Frábær endurkoma City og Chelsea

ENSKI BOLTINN Chelsea heldur áfram sigurgöngu sinni í ensku úrvalsdeildinni. Marki undir í síðari hálfleik gegn Tottenham á White Hart Lane tók Juan Mata til sinna ráða í síðari hálfleik. Spánverjinn skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í frábærum sigri í Lundúnaslagnum.

„Ég fékk Mata til Chelsea þegar ég var þar, þannig að frammistaða hans kemur mér ekkert á óvart," sagði Andre Villas-Boas, stjóri Tottenham, sem var rekinn frá Chelsea á síðustu leiktíð.

Manchester-liðin City og United deila öðru sæti deildarinnar. Wayne Rooney skoraði tvö mörk og sjálfsmark í 4-2 heimasigri á Stoke. Öll athyglin beindist þó að Rio Ferdinand sem neitaði að klæðast bol með slagorði gegn kynþáttafordómum í upphitun leiksins. „Ég mun taka á þessu. Þetta er vandræðalegt fyrir mig," sagði Skotinn sem fullyrti fyrir leikinn að Ferdinand myndi klæðast bolnum.

TRYGGÐI SIGURINN Edin Dzeko fagnar sigurmarki sínu um helgina.

Dramatíkin var mikil á The Hawthorns, heimavelli West Brom, þar sem Man. City var í heimsókn. Englandsmeistararnir spiluðu manni færri í sjötíu mínútur en tókst samt að tryggja sér sigur. Varamaðurinn Edin Dzeko þurfti aðeins ellefu mínútur til þess að skora tvisvar og tryggja City 2-1 sigur. Bosníumaðurinn hefur skorað sex mörk í deildinni þrátt fyrir mikla bekkjarsetu. Dzeko kom einnig af bekknum og tryggði City sigur í síðasta útileik liðsins gegn Fulham.

„Ég vil ekki verða þekktur sem bjargvættur af bekknum. Ég vil spila," sagði Dzeko eftir leikinn.

Báðum leikjum gærdagsins lauk með 1-1 jafntefli. QPR mistókst að vinna sinn fyrsta sigur á tímabilinu er liðið mætti Everton á heimavelli en gestirnir misstu Steven Pienaar af velli með rautt spjald snemma í síðari hálfleik.

Þá máttu erkifjendurnir Sunderland og Newcastle sættast á skiptan hlut. Newcastle komst snemma yfir en missti svo Cheick Tiote af velli með rautt spjald. Sunderland jafnaði leikinn með sjálfsmarki Demba Ba í lok leiksins. - ktd, esá

ÚRSLIT

Lengjubikar karla

Breiðablik - Tindastóll	**59-76 (30-33)**
Keflavík - Haukar	**105-70 (58-35)**
KR - KFÍ	**91-76 (48-39)**
Fjölnir - Stjarnan	**88-103 (46-58)**

EHF-bikar kvenna

Tertnes IL - Fram	**35-21 (15-10)**
Fram - Tertnes IL	**21-18 (10-6)**

Tertnes IL vann samanlagt, 53-42. Báðir leikirnir fór fram á heimavelli Fram.

Valur - Valencia	**35-27 (18-10)**

Valur vann samanlagt, 64-47. Báðir leikirnir fóru fram á Spáni.

EHF-bikar karla

HK - RK Maribor Branik	**25-42 (11-20)**
RK Maribor Branik - HK	**35-25 (19-11)**

RK Maribor Branik vann samanlagt, 77-50. Báðir leikirnir fóru fram í Slóveníu.

N1-deild karla

Fram - ÍR	**34-27 (16-11)**
Haukar - Valur	**28-23 (15-11)**

Mörk Hauka (skot): Stefán Rafn Sigurmannsson 7/5 (9/6), Árni Steinn Steinþórsson 7 (10), Gylfi Gylfason 6 (8), Jón Þorbjörn Jóhannsson 3 (4), Adam Haukur Baumruk 2 (3), Tjörvi Þorgeirsson 2 (6), Gísli Jón Þórisson 1 (4), Gísli Kristjánsson (1), Varin skot: Giedrius Morkunas 7 (18, 39%), Aron Rafn Eðvarðsson 5/1 (17/2, 29%).
Hraðaupphlaup: 7 (Árni St. 2, Gylfi 4, Adam 1).
Fiskuð víti: 6 (Stefán Rafn 1, Árni Steinn 1, Jón Þorbjörn 2, Adam 1, Gísli 1)
Utan vallar: 8 mínútur.
Mörk Vals (skot): Gunnar Malmquist 5/1 (6/1), Finnur Ingi Stefánsson 5 (9), Atli Már Báruson 4 (8/1), Magnús Einarsson 3 (6), Gunnar Harðarson 2 (2), Hjálmar Þór Arnarson 1 (1), Sigfús Sigurðsson 1 (1), Daði Laxdal Gautason 1 (4), Agnar Smári Jónsson 1 (5).
Varin skot: Lárus Helgi Ólafsson 5/1 (15/2, 33%), Hlynur Morthens 3 (21/4, 14%).
Hraðaupphlaup: 8 (Gunnar 3, Finnur Ingi 2, Atli Már 1, Gunnar 1, Daði Laxdal 1)
Fiskuð víti: 2 (Atli Már 1, Magnús 1)
Utan vallar: 2 mínútur.

N1-deild kvenna

Grótta - Stjarnan	**19-27 (8-14)**
Fylkir - Afturelding	**16-14 (9-8)**
HK - Selfoss	**27-25 (12-13)**
FH - Haukar	**25-21 (11-10)**

Enska úrvalsdeildin

Fulham - Aston Villa	**1-0**

1-0 Chris Baird (83.).

Liverpool - Reading	**1-0**

1-0 Raheem Sterling (28.).

Manchester United - Stoke	**4-2**

1-1 Wayne Rooney (26.), 2-1 Robin van Persie (43.), 3-1 Danny Welbeck (45.), 3-2 Michael Kighty (58.), 4-2 Wayne Rooney (64.).

Norwich - Arsenal	**1-0**

1-0 Grant Holt (19.).

Swansea - Wigan	**2-1**

1-0 Pablo (64.), 2-0 Michu (66.), 2-1 Emmerson Boyce (68.).

Tottenham - Chelsea	**2-4**

0-1 Gary Cahill (16.), 1-1 William Gallas (46.), 2-1 Jermain Defoe (53.), 2-2 Juan Mata (65.), 2-3 Juan Mata (68.), 2-4 Daniel Sturridge (90.).

West Brom - Manchester City	**1-2**

1-0 Shane Long (66.), 1-1 Edin Dzeko (79.), 1-2 Edin Dzeko (91.).

West Ham - Southampton	**4-1**

1-0 Mark Noble (46.), 2-0 Kevin Nolan (47.), 2-1 Adam Lallana (63.), 3-1 Mark Noble (71.), 4-1 Modibo Maiga (86.)

Sunderland - Newcastle	**1-1**

0-1 Yohan Cabaye (3.), 1-1 Demba Ba, sjálfsmark (85.).

QPR - Everton	**1-1**

1-0 David Hoilett (2.), 1-1 Julio Cesar, sjálfsmark (33.).

STAÐAN

Chelsea	**8**	**7**	**1**	**0**	**19-6**	**22**
Man. United	8	6	0	2	21-11	18
Man. City	**8**	**5**	**3**	**0**	**17-9**	**18**
Everton	8	4	3	1	15-9	15
Tottenham	**8**	**4**	**2**	**2**	**15-12**	**14**
West Brom	8	4	2	2	12-9	14
West Ham	**8**	**4**	**2**	**2**	**12-9**	**14**
Fulham	8	4	1	3	16-11	13
Arsenal	**8**	**3**	**3**	**2**	**13-6**	**12**
Swansea City	8	3	2	3	14-12	11
Newcastle	**8**	**2**	**4**	**2**	**9-12**	**10**
Liverpool	8	2	3	3	10-12	9
Stoke City	**8**	**1**	**5**	**2**	**8-9**	**8**
Sunderland	7	1	5	1	6-8	8
Norwich City	**8**	**1**	**3**	**4**	**6-17**	**6**
Wigan Athletic	8	1	2	5	8-15	5
Aston Villa	**8**	**1**	**2**	**5**	**6-13**	**5**
Southampton	8	1	1	6	13-24	4
Reading	**7**	**0**	**3**	**4**	**8-14**	**3**
QPR	8	0	3	5	7-17	3

Þú stendur og fellur
með beinunum
Vel þjálfaðir vöðvar þurfa sterk bein til að hanga á.
Beinin eru lifandi vefur sem er alltaf í endurnýjun og þurfa bæði næringu og áreynslu
til að haldast heilbrigð, ekki síst hjá ungmennum sem eru enn að vaxa.
Hreyfing, kalk og D-vítamín skila þér sterkari beinum
og hraustari líkama.
Kalk við hæfi
- alla ævi!
BEINVERND

KRÓNAN

1280 kr. tvennan
Grillaður kjúklingur og Pepsi eða Pepsi Max, 2 l

NÝTT
Fulleldaðir réttir
– tilbúið til upphitunar

998 kr. pk.
Fullelduð kryddhjúpuð kjúklingasteik

998 kr. pk.
Fulleldaðar piparhúðaðar kjúklingalundir

998 kr. pk.
Fulleldaðir kjúklingaborgarar úr bringu

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabreng!
EXPO • www.expo.is

EVRÓPUMEISTARAR Ísland vann tvöfalt í Árósum um helgina. Hér er hópurinn allur á Kastrup í gær. MYND/ÓLAFUR BJÖRNSSON

Nánast fullkominn dagur

Kvennasveit Íslands varð um helgina Evrópumeistari í hópfimleikum og varði þar með titilinn sem Gerplustelpur unnu fyrir tveimur árum. Stúlknasveit Íslands vann einnig gull í Árósum og blönduðu liðin náðu einnig góðum árangri.

HÓPFIMLEIKAR Ísland eignaðist tvo Evrópumeistara í hópfimleikum um helgina. Ísland varði titil sinn í kvennaflokki og stúlknasveitin gerði sér lítið fyrir og vann gull í sínum flokki. „Mér líður ótrúlega vel. Það er samt furðulegt að þetta skuli allt vera búið," sagði Ásdís Guðmundsdóttir, einn Evrópumeistara Íslands í kvennaflokki, þegar Fréttablaðið náði tali af henni á laugardaginn. „Spennufallið er algjört en þetta er engu að síður rosalega ánægjulegt."

Ísland varð þremur stigum á eftir Svíum í undankeppninni á föstudag en stórbætti sig í öllum greinum í úrslitunum. Niðurstaðan var öruggur sigur en Svíar, sem fengu silfur, voru þremur stigum á eftir.

Efstar í öllum greinum

„Markmiðið okkar var að verja titilinn og við áttum rosalega góðan dag. Við kláruðum þetta nokkurn veginn eins vel og hægt var," sagði Ásdís. „Það var heilmikið sem við gátum bætt eftir frammistöðu okkar í undankeppninni. Í dansinum þurftum við að ná þeim æfingum sem gefa flest stig og bæta okkur í stökkunum – hækka þau og lenda þeim betur. Við ætluðum að vinna þetta með eins miklum mun og við mögulega gátum og það tókst svona vel."

> Við ætluðum að vinna þetta með eins miklum mun og við mögulega gátum.
>
> **ÁSDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR**
> EVRÓPUMEISTARI Í HÓPFIMLEIKUM

Ísland endaði með 59,116 stig og fékk flest stig í öllum þremur flokkunum – stökkum á trampólíni og dýnu og dansæfingum á gólfi.

Ásdís segir að reynslan hafi komið að góðum notum, þó svo að margar í liðinu hafi ekki verið með fyrir tveimur árum. „Það var ákveðin pressa sem fólst í því að verja titilinn en þær eldri reyndu að miðla af reynslu sinni til hinna, sem var vissulega dýrmætt."

Gróskan mikil

Óhætt er að segja að framtíðin sé björt í hópfimleikum á Íslandi enda varð stúlknasveitin einnig Evrópumeistari.

„Það sýnir og sannar hversu mikil gróskan er í íþróttinni á Íslandi. Þær voru efstar eftir undankeppnina og það þarf sterk bein til að halda forystunni eins og þær gerðu," segir Ásdís og bætir við að keppni í hópfimleikum á alþjóðavettvangi verði sífellt harðari.

„Maður sér alltaf mun á getustigi á milli móta og margar þjóðir hafa bætt sig mikið. Við höfum aldrei æft eins mikið og við gerðum í sumar enda vissum við hversu hörð baráttan yrði," segir Ásdís en æfingar hófust formlega í júní síðastliðnum.

„Okkur taldist til að æfingarnar hafi verið 112 talsins í vel á fjórða hundrað klukkustundir samtals."

Fyrst og fremst Evrópuíþrótt

Ekki er keppt í hópfimleikum á alheimsvísu, enn sem komið er. „Þetta hefur fyrst og fremst verið Evrópuíþrótt þó svo að maður hafi heyrt af ýmsum þjóðum sem hafa verið að þreifa sig áfram á þessu sviði," segir Ásdís en af móti helgarinnar að dæma eru Norðurlöndin í nokkrum sérflokki.

„Það eru þó fleiri þjóðir að koma sterkar inn eins og Frakkland, Þýskaland og Portúgal. Og þá sérstaklega í karlaflokki en konurnar hafa líka bætt sig mikið."

Ísland keppti einnig í blönduðum flokki, bæði í flokki fullorðinna og unglinga. Báðar sveitir komust í úrslit og höfnuðu í fjórða sæti.

eirikur@frettabladid.is

Ísland í góðri stöðu í umspili fyrir úrslitakeppni Evrópumeistaramótsins 2013:

Ekkert nema sigur kemur til greina

FÓTBOLTI Ísland er með forystu í einvíginu gegn Úkraínu í umspili þjóðanna um sæti í úrslitakeppni EM sem fer fram í Svíþjóð næsta sumar. Stelpurnar höfðu betur, 3-2, í fyrri leik liðanna sem fór fram í Sevastopol í Úkraínu á laugardaginn.

Ísland byrjaði frábærlega í leiknum og komst í 2-0 forystu með mörkum Katrínar Ómarsdóttur og Hólmfríðar Magnúsdóttur. Úkraína náði þá að svara fyrir sig með tveimur mörkum en Margrét Lára Viðarsdóttir tryggði Íslandi á endanum sigur.

„Þetta var opinn og skemmtilegur leikur – kannski helst til of opinn," sagði landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson. „Við byrjuðum vel en misstum dampinn eftir að hafa komist í 2-0. Þær voru þá meira með boltann enda Úkraína með tæknilega gott lið sem er hættulegt fram að sækja. En stelpurnar sýndu hvað í þeim býr með því að koma til baka og tryggja sér sigurinn."

Hann segist vera ánægður með þessa niðurstöðu. „Þetta var erfiður leikur gegn góðu liði á útivelli. Það er bæði gott að vinna og skora þrjú útivallarmörk sem gæti reynst dýrmætt. Við erum alsæl með þessa niðurstöðu en þetta er síður en svo búið."

Síðari leikurinn fer fram á Laugardalsvelli á fimmtudagskvöldið. Jafntefli mun duga Íslandi til að koma liðinu á EM næsta sumar en Sara Björk Gunnarsdóttir segir að stefnan sé sett á sigur.

„Markmiðið er að halda hreinu og það mun duga okkur til að komast áfram. Við höfum sýnt að við erum sterkar á heimavelli og þetta er leikurinn sem við höfum allar verið að bíða eftir. Það er ekkert annað en sigur sem kemur til greina hjá okkur," segir hún.

STEFNA Á SIGUR Kvennalandsliðið gerði góða ferð til Úkraínu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ísland tryggði sér sæti í úrslitum EM 2009 með 3-0 sigri á Írlandi á köldu októberkvöldi fyrir fjórum árum síðan. Aðstæður voru erfiðar og frost í jörðu.

„Við létum það ekki trufla okkur þó svo að hitt liðið hafi verið að pæla mikið í því. Við höfum áður spilað á skautasvelli og getum gert það aftur gerist þess þörf," segir Sara Björk.

- esá

Verð frá 4.990 þús. kr.

QASHQAI DÍSIL
4,6 l / 100 km

NISSAN

SHIFT_

NISSAN
QASHQAI

Samkvæmt samantekt umferðarstofu er Qashqai mest keypti jepplingurinn á Íslandi frá janúar til september 2012

/nissanvinir

ENNEMM / SÍA / NM54815

ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jeppling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

Nissan Qashqai dísil eyðir einungis frá 4,6l/100km.

www.nissan.is

Verð frá 4.990 þús. kr.

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakkskynjari
- 17“ álfelgur og margt fleira

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

dagskrá

> Stöð 2 kl. 20.50
Fairly Legal

Skemmtileg þáttaröð um lögfræðinginn Kate Reed sem er sérfræðingur í að miðla málum í erfiðum deilum. Í þættinum í kvöld reynir Kate að hjálpa konu sem situr saklaus í fangelsi.

Í KVÖLD

Hart of Dixie

New York-stúlkan og nýútskrifaði læknirinn Zoe Hart flytur í smábæ í Alabama þegar henni býðst vinna þar. Hún þarf að venjast allt öðruvísi lífi þar en í stórborginni en býst seint við að finna bæði sjálfa sig og ástina.

Höfundur: Leila Gerstein
Aðalhlutverk: Rachel Bilson, Jaime King and Cress Williams

43/100 IMDb 7,6 20.55

Jamie Oliver's Food Revolution

Síðasti þáttur seríunnar þar sem sjónvarpskokkurinn fer til L.A. í Kaliforníu og berst fyrir að koma boðskapnum um hollt mataræði inn í skólanna. Yfirvöld eru þó ekki beint ánægð með áætlanir hans.

Aðalhlutverk: Jamie Oliver.

IMDb 7,6 20.05



The Invention of Lying

Mark Bellison er handritshöfundur sem fyrir slysni uppgötvar hvernig á að ljúga, í heimi þar sem hugtakið lygi er ekki til. Því fylgja viss völd og fyrr en varir fer fólk að líta á hann sem hálfgerðan spámann.

Leikstjóri: Ricky Gervais
Aðalhlutverk: Ricky Gervais, Jennifer Garner og Jonah Hill

Rotten Tomatoes 57% IMDb 6,4 BÍÓ 14.10

Jaglavak, Prince of Insects

Margverðlaunuð heimildarmynd um Mófúfólkið í Mandaras-fjöllum í Norður-Kamerún. Í mikilli þurrkatíð herja termítar á kofa fólksins sem þá leitar á náðir maursins Jaglavaks.

Leikstjóri: Jérôme Raynaud
Aðalhlutverk: Mófú-ættbálkurinn

IMDb 6,0 RÚV 20.00

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjörnurnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Samfélagið **22.30** Albúmið: Rumours - Fleetwood Mac **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

14.35 Kiljan (e)
15.30 Silfur Egils (e)
16.50 Landinn (e)
17.20 Sveitasæla
17.31 Spurt og sprellað
17.37 Töfrahnötturinn
17.50 Óskabarnið
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Tilraunin – Áhrif tölvuleikja (2:3) (Eksperimentet) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
➤ **20.00 Jaglavak - Prins skordýranna** (Jaglavak, Prince of Insects)
20.55 Ljóskastarinn
21.15 Castle (29:34) Höfundur sakamálasagna hjálpar lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Íslenski boltinn
23.00 Stundin (1:6) (The Hour) (e)
00.00 Á tali – Harold Bloom (Clement interviewer) (e)
00.30 Kastljós (e)
00.50 Fréttir
01.00 Kappræður í Bandaríkjunum BEINT frá kappræðum Obama og Romneys í Lynn-háskóla í Boca Raton í Flórída. Bob Schieffer, fréttamaður CBS, spyr forsetaframbjóðendurna út í utanríkismál.
02.30 Dagskrárlok

BÍÓ

11.15 All About Steve
12.55 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby
➤ **14.10 The Invention Of Lying**
15.50 All About Steve
17.30 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby
18.45 The Invention Of Lying
20.25 I Love You Phillip Morris
22.00 Bangkok Dangerous
23.40 The Deal
01.25 I Love You Phillip Morris
03.00 Bangkok Dangerous

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Ellen (25:170)
08.50 Malcolm In The Middle (17:22)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors (162:175)
10.15 Wipeout USA (4:18)
11.00 Drop Dead Diva (1:13)
11.45 Falcon Crest (13:29)
12.35 Nágrannar
13.00 So You Think You Can Dance (11:15) (12:15)
15.45 ET Weekend
16.30 Barnatími Stöðvar 2
16.50 Bold and the Beautiful
17.10 Nágrannar
17.35 Ellen (26:170)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Malcolm In the Middle (19:22)
19.40 Modern Family (19:24)
➤ **20.05 Jamie Oliver's Food Revolution** (6:6) Önnur þáttaröðin þar sem sjónvarpskokkurinn geðþekki fer til Bandaríkjanna í þeim ásetningi að berjast gegn offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki.
20.50 Fairly Legal (8:13)
21.35 The Newsroom (3:10) Magnaðir og dramatískir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar. Þættirnir koma úr smiðju HBO og Aaron Sorkin (West Wing).
22.35 Who Do You Think You Are? UK (4:6) Afar áhugaverðir þættir þar sem þekktum einstaklingum er gefinn kostur á að rekja ættir sínar langt aftur og komast að ýmsu áhugaverðu um forfeður sína.
23.35 Modern Family (19:24)
23.55 Anger Management (4:10)
00.15 Chuck (1:13)
01.00 Veep (7:8)
01.30 Weeds (12:13)
01.55 Medium (4:13)
02.40 Arctic Predator
04.05 Fairly Legal (8:13)
04.50 Jamie Oliver's Food Revolution (6:6)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

17.50 Þýski handboltinn: Flensburg - Lemgo
19.15 Spánn: Deportivo - Barcelona
21.00 Spænsku mörkin
21.30 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur
22.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Celta
23.45 Sergio Garcia á heimaslóðum Skemmtilegur þáttur þar sem David Feherty heimsækir spænska kylfinginn Sergio Garcia.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 QPR - Everton
13.05 WBA - Man. City
14.50 Norwich - Arsenal
16.35 Sunnudagsmessan
17.50 Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
18.45 PL Classic Matches: Leeds - Newcastle, 1999
19.15 Tottenham - Chelsea
21.00 Premier League Review Show
22.00 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
22.30 Being Liverpool Áhorfendur fá einstaka innsýn í lífið hjá fótboltafélaginu.
23.15 Sunderland - Newcastle

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.
08.00 Dóra könnuður
08.25 Áfram Diego, áfram!
08.50 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 UKI
09.05 Stubbarnir
09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.50 Lukku-Láki
10.15 Stuðboltastelpurnar
10.40 Histeria!
11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
17.00 Ofurhetjusérsveitin
17.20 Sorry I've Got No Head
17.50 iCarly (23:45)

POPPTÍVÍ

17.10 Simpson-fjölskyldan
17.30 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
18.15 Glee (4:22) Þriðja gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu þrátt fyrir mikið mótlæti frá klappstýrukennaranum Sue sem nýtir hvert tækifæri til þess að koma höggi á söngkennarann Will og hæfileikahópinn hans.
19.00 Friends (6:24)
19.20 Simpson-fjölskyldan (9:22)
19.45 How I Met Your Mother (17:22)
20.10 Step It up and Dance (7:10) Skemmtileg þáttaröð þar sem efnilegir dansarar keppa. Dansararnir læra hvað þarf að leggja á sig til að slá í gegn og komast upp á stjörnuhimininn. Leikkonan og dansarinn Elizabeth Berkley er kynnir þáttanna.
➤ **20.55 Hart of Dixie** (7:22)
21.35 Privileged (10:18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forríki fjölskyldu sem einkakennari tvíburasystra sem eru ofdekraðar og gjörspilltar.
22.20 Step It up and Dance (7:10)
23.05 Hart of Dixie (7:22)
23.45 Privileged (10:18)
00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

18.15 Doctors (52:175)
19.00 Ellen (26:170)
19.40 Logi í beinni
20.25 Að hætti Sigga Hall (10:18)
21.05 Little Britain (2:6)
21.35 Pressa (4:6)
22.20 Ellen (26:170)
23.00 Logi í beinni
23.45 Að hætti Sigga Hall (10:18)
00.15 Little Britain (2:6)
00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
15.25 90210 (20:22) (e)
16.10 Minute To Win It (e)
16.55 Rachael Ray
17.40 Dr. Phil
18.30 My Generation (1:13) (e)
19.20 America's Funniest Home Videos (33:48)
19.45 Will & Grace (12:24) (e)
20.10 Kitchen Nightmares (2:17) Matreiðslumaðurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur viku til að snúa rekstri þeirra við.
21.00 House of Lies (2:12) Hárbeittir og ögrandi þættir um hina raunverulegu hákarla í bandarísku viðskiptalífi. Marty Khan er yfirmaður hjá ráðgjafafyrirtæki sem þjónustar stærstu fyrirtæki veraldar.
21.30 Sönn íslensk sakamál (1:8) Ný þáttaröð af einum vinsælustu en jafnframt umtöluðustu þáttum síðasta áratugar. Sönn íslensk sakamál fjalla á raunsannan hátt um stærstu sakamál síðustu ára.
22.00 CSI: New York (10:18) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í tæknideild lögreglunnar í New York.
22.50 CSI (2:23)
23.40 Law & Order: Special Victims Unit (10:24) (e)
00.25 Secret Diary of a Call Girl (e)
00.55 The Bachelorette (9:12) (e)
02.25 Blue Bloods (6:22) (e)
03.10 House of Lies (2:12) (e)
03.35 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.10** The McGladrey Classic 2012 (4:4) **10.10** Golfing World **11.00** The McGladrey Classic 2012 (4:4) **14.00** AT&T National - PGA Tour 2012 (4:4) **18.00** Golfing World **18.50** The McGladrey Classic 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour - Highlights (20:25) **23.45** ESPN America

INN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu **20.30** Golf fyrir alla 3 **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Eldhús meistaranna

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 100,5** Kaninn	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

LÖGREGLAN

SÖNN ÍSLENSK SAKAMÁL

Hefst í kvöld

Fyrsti þáttur í opinni dagskrá í boði Securitas og Málsbóta

SKJÁREINN

SECURITAS

MÁLSBÆTUR
slysa- & skaðabótamál

LÖGREGLAN

PIPAR\TBWA • SÍA • 122989

MÁNUDAGSLAGIÐ

„Tighten Up með Archie Bell & The Drells. Þá fer maður dansandi af gleði inn í erfiðan mánudag.“

Þorsteinn Kári Jónsson, einn af forsprökkum Meistaramánaðar.

Bók um íslenska fatahönnun

„Það er svo mikil gróska í íslenskri fatahönnun að mér fannst við hæfi að gera heila bók og sýna heiminum hvað er í gangi hérna,“ segir ljósmyndarinn og stílistinn Charlie Strand sem á heiðurinn af ljósmyndabókinni Icelandic Fashion Design sem kemur út í vikunni.

Bókin inniheldur umfjallanir og veglega myndaþætti um tíu hönnuði. Charlie Strand hefur verið búsettur hér á landi síðastliðin fimm ár en hann er hálfur Íslendingur. Icelandic Fashion Project á að vera heimild um þann ört stækkandi iðnað sem fatahönnun er á Íslandi í dag og gefa um leið útlendingum sem sækja landið heim smá innsýn inn í íslenskan tískuheim.

Þeir hönnuðir sem fjallað er um í bókinni eru Steinunn, Bóas, Eygló, Royal Extreme, ELM, Munda, Vera Þórðardóttir, E-Label og Arna Sigrún.

„Mér finnst þessir tíu hönnuðir endurspegla hönnunarsenuna hérna. Hönnuðirnir eru jafn ólíkir og þeir eru margir. Þeir eru einnig allir á mismunandi stað á ferli sínum sem mér fannst mikilvægt,“ segir Strand, sem var rúmt ár að vinna bókina í samvinnu við hönnuðina sjálfa, teiknara og grafískan hönnuð.

Strand hefur áður gefið út bókina Icelandic Projects sem er um íslenska list, tísku og tónlist. Útgáfuhóf fyrir Icelandic Fashion Design verður næstkomandi fimmtudag í bókabúð Máls og menningar.

- áp

ICELANDIC FASHION DESIGN

BÓK UM TÍSKU Ljósmyndarinn og stílistinn Charlie Strand einblínir á íslenska fatahönnuði í bókinni Icelandic Fashion Design sem kemur út í vikunni.

MYND/MAGNUSANDERSEN.CO

Spennandi tímar

Nýtt smáforrit frá fyrirtækinu Locatify kom út á fimmtudag. Forritið nefnist Strollon London; Your Personal Audio Guide og er unnið í samvinnu við breska fyrirtækið Strollon.

Hjónin Leifur Björn Björnsson og Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir reka Locatify sem sérhæfir sig í framleiðslu leiðsöguforrita.

„Strollon er fyrirtæki sem býr til leiðsagnir sem gefnar eru út á snjallsíma. Við bjóðum svo upp á tæknina til að gera þetta á ódýran og skilvirkan hátt,“ útskýrir Leifur Björn.

Verkefnið er það fyrsta sem Locatify selur og segir Leifur að fyrirtækið sé að ganga í gegnum viss tímamót um þessar mundir. „Við erum að fara úr rannsóknarham í söluham. Áður keyrðum við aðallega á styrkjum en nú erum við farin að selja leyfin. Við erum einnig að vinna verkefni með skólum í Noregi þannig að það eru spennandi tímar fram undan.“ **- sm**

TÍMAMÓT Hjónin Leifur Björn Björnsson og Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir reka Locatify.

HARPA Í TÍSKU Vogue hefur nú bæst í hóp fjölmiðla og fyrirtækja sem vilja mynda í Hörpu, en tískubiblían tekur myndir í myndaþátt í húsinu í næsta mánuði. Anna Margrét Björnsson, kynningarfulltrúi Hörpu, segir húsið vera eftirsótt myndefni enda sé hönnun hússins að stimpla sig inn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON: GLERHJÚPURINN HEILLAR

Vogue myndar tísku í Hörpu

„Vogue hefur boðað komu sína hingað í næsta mánuði og ætlar að mynda stóran tískuþátt,“ staðfestir Anna Margrét Björnsson, kynningarfulltrúi tónlistarhússins Hörpu, og segir um leið að húsið sé orðið eftirsótt myndefni.

Sjónvarpsstöðvar, tímarit og fyrirtæki víða að úr heiminum sækjast eftir að fá að mynda í tónlistarhúsinu við sæinn. Sem dæmi má nefna bækling bílaframleiðandans Hyundai, þar sem Harpa leikur lykilhlutverk, og haustbækling bandarísku verslunarkeðjunnar Bloomingdales sem var myndaður í Hörpu í sumar.

Tískubiblían Vogue er þekkt fyrir stóra myndaþætti þar sem fræg nöfn í tískuheiminum koma oftar en ekki við sögu. Anna Margrét vill ekki gefa meira upp að svo stöddu um tökuna, en staðfestir að um stóran myndaþátt sé að ræða.

Anna Margrét segir starfsfólk Hörpu taka fyrirspurnum á borð við þessar fagnandi, enda sé þetta fyrst og fremst góð landkynning og góð kynning á húsinu á erlendri grund. „Við erum stöðugt að fá fyrirspurnir erlendis frá um leyfi til að mynda í húsinu. Við gleðjumst yfir því að Harpa er að verða nýtt kennileiti á Íslandi. Ég tel að glerhjúpur Hörpu heilli, enda er hann bæði einstakur og fallegt listaverk.“

Anna Margrét útskýrir að öllum sé að sjálfsögðu frjálst að mynda í opnum svæðum Hörpu. „En sé ætlunin að mynda í auglýsingaskyni þarf að fá leyfi hjá okkur. Séu ljósmyndir af Hörpu notaðar í auglýsingaherferðum, eins og í tilviki Hyundai, er greidd höfundarréttargreiðsla. Húsið er að stimpla sig inn á alþjóðlegum vettvangi og það má jafnvel segja að Harpa sé að komast í tísku.“

alfrun@frettabladid.is

HARPA Í SVIÐSLJÓSINU

Listi yfir þau tímarit og sjónvarpsstöðvar sem hafa myndað í og við Hörpu upp á síðkastið:

- Japanski sjónvarpsþátturinn „Discovery of the World's Mysteries“ þar sem fjallað var ítarlega um Hörpu
- Hyundai-auglýsingabæklingur
- Bloomingdales-bæklingur
- SVT 1 – sænska ríkissjónvarpið
- BBC
- ZDF – þýska ríkissjónvarpið
- Bandaríski ljósmyndarinn Lauren Greenfield
- Sjónvarpsþátturinn Househunters verður tekinn upp í Hörpu á næstunni
- Sanlih News Channel – taívanska sjónvarpið
- Hollenski Bachelor-þátturinn.

Erlent fjölmiðlafólk 300 talsins

Um þrjú hundruð manns frá fjölmiðlum víða í heiminum verða á meðal gesta á Airwaves-hátíðinni sem hefst í Reykjavík í lok mánaðarins. Fjöldinn er álíka mikill og mætti á hátíðina í fyrra.

„Þetta er ómissandi fyrir okkur til að breiða út boðskapinn. Við erum lítið festival en stórt vörumerki. Svona umfjöllun er mikilvæg fyrir okkur til að keppa við að láta heiminn vita af okkur,“ segir Kamilla Ingibergsdóttir hjá Airwaves.

Meðal þeirra fjölmiðla sem eiga fulltrúa á hátíðinni í þetta sinn eru BBC Radio, bandaríska tónlistarsíðan Paste Magazine, The Independent, Vice TV, Rolling Stone með blaðamanninn David Fricke í fararbroddi, Gaffa, Berlingske Tidende, danska- og norska ríkisútvarpið og bandarísku útvarpsstöðvarnar KEXP og KCRW. Einnig mætir til landsins fólk frá Quint Magazine í Dubai, LE TV frá Kína og blaðamenn frá japönsku tímariti og vefsíðu. Rússneskir, pólskir og þýskir blaðamenn verða einnig á svæðinu.

Fólk frá hátíðum á borð við Euroconic, by:Larm, G! Festival, CMJ í New York, Spot Festival og Canadian Music Week verður einnig með augun á innlendum jafnt sem erlendum flytjendum.

Bækistöðvar erlendu gestanna verða á Hótel Plaza í Aðalstræti. „Við búumst við því að um sex þúsund manns fari í gegnum fjölmiðlamiðstöðina á Plaza og við erum að búa okkur vel undir það,“ segir Kamilla. **- fb**

FRICKE MÆTIR David Fricke, einn virtasti blaðamaður tímaritsins Rolling Stone, mætir annað árið í röð.

Fjóla Dröfn Guðmundsdóttir
Sjúkraþjálfari og næringafræðingur hefur hafið störf hjá Stjá sjúkraþjálfun ehf.
Hátúni 12

Tímapantanir í síma
551 1120
www.stja.is

STJÁ
SJÚKRAÞJÁLFUN

Lyfjaval
APÓTEK

20% afsláttur í október

af Gulu línunni frá Heilsu

Natural Products Association GMP certified
GMP Náttúrulegt-Gæðavottað
Framleitt samkvæmt ströngustu gæðakröfum undir eftirliti frá Bandaríska matvæla og lyfjaeftirlitunu (FDA) og GMP vottað.

Nærðu hugann

Fjölbreytt námskeið fyrir alla í nóvember



MENNING

Louis Armstrong – listamaður tuttugustu aldarinnar
skráningarfrestur til 29. október

Hitchcock
skráningarfrestur til 31. október

Napóleon og herferð hans til Rússlands
skráningarfrestur til 5. nóvember

Sköpunarsögur
skráningarfrestur til 7. nóvember

Með höfuðið í skýjunum
skráningarfrestur til 7. nóvember

STARFSTENGD HÆFNI

Grunnatriði í verkefnastjórnun
skráningarfrestur til 13. nóvember

Þrívíddarhönnun í SketchUp - grunnnámskeið
skráningarfrestur til 13. nóvember

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð: Framhaldsnámskeið
skráningarfrestur til 29. október

Vakandi athygli (gjörhygli) og innsæ íhugun
skráningarfrestur til 30. október

Félagslegs markaðsfærsla (Social Marketing)
& skaðaminnkun (Harm Reduction)
skráningarfrestur til 1. nóvember

Anxiety and advanced case work
hefst 2. nóvember

Sálgæsla og áfallahjálp – samfylgd í kjölfar áfalla
skráningarfrestur til 2. nóvember

Heilsuefling og forvarnir á vinnustöðum
skráningarfrestur til 9. nóvember

PERSÓNULEG HÆFNI

Gimp ljósmyndavinnsla - Að laga gamlar myndir
skráningarfrestur til 30. október

Raki í húsum og heilsufar - þekking og reynsla
skráningarfrestur til 30. október

Ljósmyndun – Að taka betri myndir
skráningarfrestur til 5. nóvember

Ísland og Evrópa: Samband á tímamótum
skráningarfrestur til 6. nóvember

Hugþjálfun – leið til árangurs
skráningarfrestur til 12. nóvember

LÖGFRÆÐI

Alþjóðlegur skattaréttur
skráningarfrestur til 12. nóvember

STJÓRNUN OG FORYSTA

Enterprise Information Technology: Strategies
for Complex System Implementations
skráningarfrestur til 25. október

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
skráningarfrestur til 6. nóvember

Hrós, hvatning og jákvæð endurgjöf
skráningarfrestur til 6. nóvember

Fíknisjúkdómar og íhlutun
skráningarfrestur til 12. nóvember

Rekstur og viðhald á gæðastjórnunarkerfum
skráningarfrestur til 13. nóvember

FJÁRMÁL OG REKSTUR

IFRS – alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
Tekjur, birgðir, viðskiptakröfur
skráningarfrestur til 1. nóvember

Mismunandi félagaform – skattlagning hagnaðar
og úttektar úr rekstri
skráningarfrestur til 5. -nóvember

IFRS – alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
Fastafjármunir, óefnislegar eignir og virðisrýrnun eigna
skráningarfrestur til 7. nóvember

Skuldabréf
skráningarfrestur til 7. nóvember

Alþjóðlegur skattaréttur
skráningarfrestur til 12. nóvember

Excel I
skráningarfrestur til 12. nóvember

UPPLÝSINGATÆKNI

Vefhönnun fyrir hönnuði
skráningarfrestur til 29. október

Framhaldsnámskeið í gagnasafnsfræði og SQL
skráningarfrestur til 5. nóvember

UPPELDI OG KENNSLA

Þunglyndi ungmenna – einkenni og viðbrögð
skráningarfrestur til 26. október

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun
og efla félagsfærni ungra barna
skráningarfrestur til 29. október

Upplýsingatækni með ungum börnum
skráningarfrestur til 5. nóvember

NÁMSKEIÐ Í FJARFUNDI

Þunglyndi unglinga og ungmenna – einkenni og viðbrögð
skráningarfrestur til 25. október

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun
og efla félagsfærni ungra barna
skráningarfrestur til 8. nóvember

Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Klappað og stappað í Hörpunni

Óperan Il trovatore eftir Verdi var frumsýnd í Hörpunni í fyrradag. Að sýningu lokinni brustu út mikil fagnaðarlæti og létu áhorfendur sér ekki nægja að klappa söngvurunum lof í lófa heldur stöppuðu þeir einnig niður fótum. Meðal sýningargesta voru Össur Skarphéðinsson, Egill Ólafsson og eiginkona hans, **Tinna Gunnlaugsdóttir** þjóðleikhússtjóri, Sveinn Einarsson fyrrverandi þjóðleikhússtjóri, söngvarinn Gissur Páll Gissurarson, Jónas Ingimundarson, Diddú auk Kristjáns Jóhannssonar sem mætti með eiginkonu sinni, Sigurjónu Sverrisdóttur.

Happafundur

Leikkonan **Halla Vilhjálmsdóttir** birti mynd af miðum á heimsfrumsýningu Bond-kvikmyndarinnar Skyfall á Facebook-síðu sinni í gær. Miðana segist Halla hafa fundið úti á götu. Á þeim stendur prentað að Vilhjálmur prins og eiginkona hans verði viðstödd sýninguna sem fram fer í Royal Albert Hall annað kvöld. Halla, sem er meðal annars þekkt fyrir hlutverk sitt sem kynnir í íslensku útgáfunni af X Factor, er búsett í London þar sem hún starfar við leiklist. - sm

Mest lesið vísir

1. Meirihluti sagði já við öllu
2. Lögregluna grunar hverjir ollu eldsvoðanum
3. Geir leitar til Mannréttindadómstólsins
4. Kertalukt kom Landhelgisgæslunni í viðbragðsstöðu
5. Bensínþjófar ollu eldsvoða

MAGNÞRUNGIN ÖRLAGASAGA 1904

www.forlagid.is

HONDA
The Power of Dreams

2.0i bensínvél
Fjórhjóladrif
Sjálfskiptur
Alcantara og tau innrétting
17" álfelgur
Litað gler í aftari hliðarrúðum og afturrúðu
Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
Þokuljós að framan
Skriðstillir (Cruise Control)
Tvöföld tölvustýrð loftkæling
Fjarlægðarskynjarar (2 x framan, 4 x aftan)
Hljómflutningstæki með geislaspilara og
RDS útvarpi ásamt 4 hátölurum
Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
Hemlalæsivörn (ABS)
Stöðugleikabúnaður (VSA)
Stöðugleikabúnaður fyrir tengivagn (TSA)
Tvöfaldir SRS loftpúðar að framan
Tvöfaldir SRS hliðarloftpúðar
Tvöfaldar SRS loftpúðagardínur
og margt fleira.

CR-V
COMFORT

Í tilefni af 50 ára afmælisári Bernhard bjóðum við **kr. 300.000** afslátt af öllum nýjum Honda CR-V.
Komdu og líttu við og veldu þér þinn CR-V á frábæru afmælisverði. Um takmarkað magn er að ræða.

var kr. 5.590.000

afmælisverð kr. 5.290.000

www.honda.is

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD
REYKJANESBÆ

Bernhard Reykjanesbæ • Njarðarbraut 15 • 260 Reykjanesbæ • Sími 421 7800 • www.bernhard.is